



Evrópusambandsumræða í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu:

Hlutlaus eða hliðholl?

Hugrún Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Evrópusambandssumræða í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu:
*Hlutlaus eða hliðholl?***

Hugrún Björnsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Ragnar Karlsson

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hugrún Björnsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um Ísland í evrópsku samstarfi og mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hlutverk fjölmiðla í þessu sambandi er skoðað og þá er rýnt í fréttaumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um aðild og aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið.

Í ritgerðinni er farið yfir sögu Evrópusambandsins, helstu stofnanir þess og kenningar um Evrópusamruna. Einnig er fjallað um stöðu Íslands í evrópsku samstarfi og greint frá Evrópusambandsmálefnum helstu stjórnmálaflokka landsins. Hugtakið fjölmiðlar og hlutverk þeirra er skilgreint. Stuttlega er fjallað um nokkrar kenningar um fjölmiðla og í því sambandi er „Propaganda módel“, eða „áróðursmódel“ Edward Hermans og Noam Chomskys sérstaklega skoðað. Að því loknu er fjallað um innihaldsgreiningu Creditinfo um umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um aðild og aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið. Helstu niðurstöður athugunnar voru þær að Morgunblaðið fjallaði oftast á neikvæðan hátt um báða málefnaflokkana heldur en Fréttablaðið. Ástæður þess hví blöðin fjalla um málefnið á þann hátt sem þau gera er mögulega hægt að rekja til eignarhalds á blöðunum og auglýsenda en það eru tvær af hinum fimm „síum“ sem áróðursmódel Hermans og Chomskys fjallar um.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin gildir 12 einingar (ECTS) af 120 eininga námi í stjórn málafræði og 60 eininga námi í fjölmiðlafræði. Ritgerðin var samin undir leiðsögn Ragnars Karlssonar og honum færi ég bestu þakkir fyrir góða leiðsögn. Einnig vil ég þakka þeim sem að öðru leyti veittu mér aðstoð og leiðsögn við gerð þessarar ritgerðar.

Ég vil sérstaklega þakka fjölskyldu minni fyrir veittan stuðning og ekki hvað síst kærasta mínum og sambýlismanni, Davíð Má Stefánssyni fyrir þolinmæði og umhyggju meðan á vinnslu ritgerðarinnar stóð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	8
2. Evrópa og Evrópusambandið	10
2.1. Kenningar um Evrópusamruna.....	10
2.2 Upphaf Evrópusambandsins.....	11
2.3 Sáttmálar.....	12
2.4 Stofnanir.....	13
2.5 Staðan í dag.....	15
3. Evrópusambandið og Ísland	16
3.1. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).....	16
3.2. Evrópska efnahagssvæðið (EES).....	17
3.3 Schengen-samstarfið.....	17
3.4. Evrópusambandsumræðan.....	18
3.4.1 Sjálfstæðisflokkur.....	18
3.4.2 Framsóknarflokkur.....	19
3.4.3 Samfylkingin.....	19
3.4.4 Vinstri græn.....	20
3.4.5 Frjálslyndi flokkurinn.....	20
3.4.6. Borgarahreyfingin.....	20
3.5 Samtök og grasrótahreyfingar.....	21
4. Fjölmiðlar	23
4.1. Hvað er fjölmiðill?.....	23
4.2 Hlutverk fjölmiðla.....	24
4.3. Fagleg blaða- og fréttamennska.....	25
4.4. Kenningar um fjölmiðla.....	25
4.3.1 Dagskrárvald.....	26
4.3.2 Innrömmunarkenningin.....	26
4.3.3 „Spírall þagnarinnar“.....	26
4.3.4 Áróður.....	27
5. „Propaganda módelið“	28
5.1 Eignarhald á fjölmiðlum.....	29
5.2. Auglýsendur.....	29
5.3 Heimildamenn.....	30
5.4 Athugasemdir hagsmunahópa eða gagnrýni.....	31
5.5 Ríkjandi hugmyndafræði.....	32

5.6 Viðbrögð við Propaganda módelinu og notkun á því.....	32
6. Innihaldsgreining á greinum Morgunblaðsins og Fréttablaðsins.....	34
6.1 Morgunblaðið	34
6.2 Fréttablaðið	35
6.3 Aðferðafræði.....	35
6.4. Niðurstöður.....	36
6.5 Umræður.....	42
7. Lokaorð	44
Heimildaskrá.....	45

Listar yfir töflur og myndir

Tafla 1 Fjöldi birtra greina eftir málefnaflokki og blaði.....	36
Tafla 2 Hlutfallsleg skipting greina eftir málefnaflokki og blaði.....	36
Tafla 3 Birtingarmynd greina Morgunblaðsins eftir fjölda.....	40
Tafla 4 Birtingarmynd greina Fréttablaðsins eftir fjölda.....	40
Mynd 1 Skipting greina Morgunblaðsins um aðild og aðildarviðræður eftir afstöðu.....	37
Mynd 2 Skipting greina Fréttablaðsins um aðild og aðildarviðræður eftir afstöðu.....	37
Mynd 3 Fjöldi greina í Morgunblaðinu um aðild eftir afstöðu.....	38
Mynd 4 Fjöldi birtra greina í Fréttablaðinu um aðild eftir afstöðu.....	38
Mynd 5 Fjöldi birtra greina í Morgunblaðinu um aðildarviðræður eftir afstöðu.....	39
Mynd 6 Fjöldi birtra greina í Fréttablaðinu um aðildarviðræður eftir afstöðu.....	39
Mynd 7 Viðmælendur Morgunblaðsins eftir fjölda.....	41
Mynd 8 Viðmælendur Fréttablaðsins eftir fjölda.....	41

1. Inngangur

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða stöðu Íslands í evrópsku samstarfi með tilliti til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu og tengja það við umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um hina hugsanlegu aðild og aðildarviðræðurnar.

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna ákvað að sækja um aðild Íslands að Evrópusambandinu árið 2009 (Aðildarsaga, Evrópuvefurinn, e.d.). Rekja má upphaf umræðu á Íslandi um evrópskt samstarf allt aftur til ársins 1957, þegar íslenskir ráðamenn tóku þátt í viðræðum við Efnahagstofnun Evrópu, OEEC, um að koma á fót fríverslunarsvæði í Vestur-Evrópu. Samfylkingin hefur hingað til verið eini flokkurinn sem styður aðildina heilshugar. Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn hafa ekki lýst sig alfarið á móti aðild en báðir flokkar álíta að vanda þurfi til undirbúnings því ef skref verður tekið í átt að aðild. Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn hafa verið andvíg aðild (Baldur Þórhallsson, 2004: 5-7). Ísland tekur nú þegar þátt í margvíslegu evrópsku samstarfi m.a. í gegnum EFTA, EES, Schengen-samstarfið og OECD, ásamt því að eiga aðild að ýmsu norrænu samstarfi (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

Evrópusambandinu hefur verið lýst sem „landamæralausu ríkjasambandi“ 27 ríkja. Sambandið þykir einstakt að mörgu leyti. Það hefur hvorki stöðu fullvalda ríkis né að það sé hefðbundin alþjóðastofnun sem starfi á milliríkjagrunni. Í Evrópusambandinu starfa fullvalda lýðræðisríki saman að afmörkuðum og sameiginlegum viðfangsefnum. Aðildarríkin hafa framselt hluta af ákvarðanavaldi sínu til sameiginlegra og yfirþjóðlegra stofnana til að Evrópusambandið þjóni tilgangi sínum (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 227).

Innganga í Evrópusambandið getur haft mikil áhrif á land og þjóð, bæði jákvæð og neikvæð. Ef svo fer að ákvörðunin um það hvort Ísland skuli ganga í Evrópusambandið verði lögð undir þjóðaratkvæði er grundvallaratriði að íbúar landsins séu vel upplýstir um allar hliðar málsins svo þeir geti tekið vel upplýsta ákvörðun þegar gengið er til kosninga og atkvæði greidd um aðildarsamning. Í því sambandi gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki. Fjölmiðlar hafa verið kallaðir „fjórða valdið“ (e. fourth estate) þar sem hlutverk þeirra er að veita ráðamönnum þjóðarinnar aðhald, flytja borgurunum hlutlausar upplýsingar og starfa sem vettvangur fyrir umræðu og ólík sjónarmið (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 2010). Ýmslegt getur komið í veg fyrir að fjölmiðlar sinni upplýsingahlutverkinu sínu eins vel og æskilegt verður að teljast. Þar má t.d. nefna samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum og áhrif auglýsenda og hagsmunaaðila (Herman og Chomsky, 1988: 2).

Í fyrri hluta ritgerðarinnar er saga Evrópusambandsins reifuð, greint er frá helstu stofnunum þess og fjallað um helstu kenningar um Evrópusamruna. Í framhaldinu er staða Íslands í evrópsku samstarfi skoðuð. Farið er stuttlega yfir Evrópusambandsmæðu á vegum þeirra stjórnmalaflokka sem buðu fram í Alþingiskosningum árið 2009. Í seinni hluta ritgerðarinnar er leitast við að skilgreina hugtakið fjölmiðill og fjallað um hlutverk þeirra í lýðræðislegu þjóðfélagi. Farið er stuttlega yfir nokkrar kenningar um fjölmiðla og því sambandi er „Propaganda módel“ eða „áróðursmódel“ Edward Hermans og Noam Chomskys skoðað sérstaklega. Að lokum er skýrt frá niðurstöðum innihaldsgreiningar Creditinfo á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um aðild og aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið frá maí 2010 til október 2010. Tilgátan er sú að Morgunblaðið fjalli oftár á neikvæðan hátt um Evrópusambandsaðild og aðildarviðræður heldur en Fréttablaðið og að einhverjar af hinum fimm „síum“ sem settar eru fram í „áróðursmódeli“ Hermans og Chomskys geti varpað ljósi á það af hverju blöðin fjalla um málefnið á þann hátt sem þau gera.

2. Evrópa og Evrópusambandið

Evrópa er önnur minnsta álfa heims. Hún á landamæri við Norðurishaf til norðurs, Atlantshafið til vesturs og Miðjarðarhaf, Svartahaf og Kaspíahaf til suðvesturs og austurs (Britannica, e.d.). Álfan nær yfir 6% af landmassa jarðar og innan vébanda hennar eru 49 ríki (Countries, Europa, e.d.). Heimildum greinir þó á um nákvæman fjölda ríkjanna þar sem hugtakið „ríki“ er skilgreint á ólíka vegu. Talið er að íbúar Evrópu séu um 830 milljónir (EuropeWord, e.d.).

Aðildarríki Evrópusambandsins eru nú 27 talsins og með 492 milljónir íbúa. Sambandið hefur sinn eigin fána, sem er blár og með 12 gylltum stjörnum, Evrópudaginn sem haldinn er 9. maí, sameiginlegt einkennislag, samræmda númeraplötu fyrir bíla, persónuskilríki og staðlað vegabréf og síðast en ekki síst sitt eigið stofnanakerfi (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 22). En þó svo að þessi tilteknu lönd Evrópu starfi nú saman að sameiginlegum markmiðum innan vébanda Evrópusambandsins hefur samband Evrópuríkja ekki alltaf verið svo náíð. Evrópusamstarfið á rætur sínar að rekja til ófriðar og átaka í álfunni.

2.1. Kenningar um Evrópusamruna

Hér verður ekki fjallað ítarlega um kenningar alþjóðastjórn mála heldur aðeins stiklað á stóru um þær kenningar sem varða Evrópusamruna fyrst og fremst.

Kenningum um alþjóðlega þróun er unnt að skipta í tvo hópa. Annars vegar eru kenningar raunhyggjumanna (e. realism) og hins vegar kenningin um frjálslynda alþjóðahyggju (e. liberal internationalism). Raunhyggjumenn halda því fram að þróun í alþjóðakerfinu megi rekja til ytri hegðunar ríkja. Samkvæmt þeim ráðast breytingar í alþjóðakerfinu af samskiptum fullvalda ríkja. Fullvalda ríki eru skynsamir gerendur og hugsa fyrst og fremst um eigin hagsmuni – að auka og halda völdum. Samkvæmt kenningum um milliríkjahyggju (e. intergovernmentalism), sem telst til raunhyggjukenninga, er Evrópusamrunann að rekja til hagsmuna ríkisstjórna aðildarríkja sambandsins (Eiríkur Bergmann, 2003: 29; 2009a: 229). Samkvæmt kenningunni um frjálslynda alþjóðahyggju eru fleiri gerendur í alþjóðasamfélaginu en fullvalda ríki. Þeir sem aðhyllast frjálslynda alþjóðahyggju halda því fram að alþjóðasamfélagið hafi viðhorf og gildi sem byggja á frelsi, lýðræði og mannréttindum. Til þess að unnt sé að skilja þróun alþjóðamála þarf að líta til mun fleiri gerenda heldur en fullvalda ríkja, þar með talið fyrirtækja og félagasamtaka. Aðrar

kenningar sem falla undir flokk frjálslyndrar alþjóðahyggju eru t.a.m. sambandsríkjahyggja (e. federalism), virknihyggja (e. functionalism) og ný-virknihyggja (e. neo-functionalism) (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 228-229).

Samkvæmt sambandsríkjahyggjunni eru ríki ekki helstu handhafar ríkisvalds og mikilvægast er að koma á sambandsríki í Evrópu sem fer með yfirþjóðlegt vald. Þeir sem aðhyllast virknihyggju halda því fram að aðeins sé þörf á yfirþjóðlegri samrunaþróun til að takast á við afmörkuð viðfangsefni. Ný-virknihyggja byggir á þeirri hugmynd að ríki komi sér saman um samstarf á afmörkuðum sviðum sem síðan þróast og nær til fleiri sviða (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 229). Andrew Moravcsik, stjórnmálafræðiprófessor við Princeton háskóla setti fram kenningu sem hann nefnir frjálslynda milliríkjahyggju (e. liberal intergovernmentalism). Kenningin er talin lýsa vel samrunaþróun Evrópu í gegnum stofnanir Evrópusambandsins. Í stuttu máli gengur kenningin út á það að ákvarðanatökufærli innan Evrópusambandsins skiptist í tvö stig:

Á fyrra stigi verður til þörf eða eftirspurn hjá innlendum hagsmunaaðilum eftir yfirþjóðlegri samþættingu, til að mynda til að auðvelda viðskipti yfir landamæri. Á síðara stigi taka ríkisstjórnirnar við og leitast við að mæta þrýstingi innlendra hagsmunaaðila um leið og þær standa vörð um fullveldi ríkisins og hlutfallsleg völd þess í kerfinu (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 31).

Samkvæmt kenningunni um frjálslynda milliríkjahyggju eru hagsmunir fyrst og fremst efnahagslegir í eðli sínu og ekki endilega tengdir eða afmarkast af landamærum (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 31).

2.2 Upphaf Evrópusambandsins

Á fyrri hluta 20. aldar virtist sem svo að ríki Evrópu hafi talið að þau fengju sínu framgengt með vopnuðum átökum sín á milli. Fyrri heimsstyrjöldin stóð yfir á árunum 1914 til 1918. Stríðið geisaði á milli Öxulveldanna og Bandamanna. Öxulveldin voru Þýskaland, Austurríki-Ungverjaland, Ottómanveldið og Búlgaría. Bandamenn voru Frakkland, Bretland, Rússland, Bandaríkin, Japan ásamt fleiri Evrópuríkjum. Í stríðinu féllu um 17 milljónir manna. Seinni heimsstyrjöldin braust út 1939 og stóð fram til 1945. Síðari heimsstyrjöldin teygði anga sína víðar en sú fyrri. Þar börðust Bandamennirnir Kína, Frakkland, Sovétríkin, Bretland og Bandaríkin á móti Öxulveldunum Japan, Ítalíu og Þýskalandi. Yfir 60 milljónir manna féllu í seinni heimsstyrjöldinni (Dictionary of 20th Century History, 2004).

Eyðilegging í löndum Evrópu var gríðarleg af völdum þessara tveggja heimsstyrjalda sem stóðu samanlagt yfir í áratug. Fjárhagslega varð álfan hart úti vegna styrjaldanna, svo að ekki sé minnst á afleiðingarnar þeirra fyrir íbúa álfunnar, en mikill fjöldi manna átti um sárt að binda vegna líkamlegrar og andlegrar örkuðla og eignarmissis. Því skal engan undra að þeir sem höfðu horft upp á hörmulegar afleiðingar tveggja styrjalda væru langeygir eftir að varanlegur friður kæmist á og sátt og samlyndi ríkti innan álfunnar (Gallagher, Laver og Mair, 2006: 116).

Altiero Spinelli, ítalskur stjórnmálamaður og einn af frumkvöðlum Evrópusamstarfs lét hafa eftir sér að „öldum saman hafa Evrópuríkin litið á nágretta sína sem hugsanlega óvini í stríði sem stöðugt þyrfti að vera á varðbergi gagnvart. Nú, að loknu skelfilegasta stríði í Evrópu, er litið á nágrennaríkin sem vinsamlega granna sem deili sameiginlegum örlögum“ (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 17). Efnahagsráðgjafi frönsku ríkisstjórnarinnar, Jean Monnet og utanríkisráðherra Frakklands, Robert Schuman ákváðu að taka höndum saman um skipulagningu á yfirþjóðlegu samstarfi meðal Evrópuríkjanna. Þó að þeir séu í dag almennt taldir upphafsmenn Evrópusamrunans tóku fleiri stjórnmálamenn þátt í uppbyggingu samstarfsins. Þeirra á meðal voru þeir Paul-Henri Spaak, fyrsti forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, Alcide de Gasperi, Altiero Spinelli, Salvador de Madariga, Winston Churchill og Konrad Adenauer. Árið 1950 tilkynnti Robert Schuman um samstarf nokkurra Evrópuríkja, en það er jafnan talið marka upphafið að stofnun Evrópusambandsins (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 19).

2.3 Sáttmálar

Evrópusambandið byggir á grundvallarlögum sem byggjast á sáttmálum milli ríkja. Samningurinn um Kola- og stálbandalag Evrópu var undirritaður í París árið 1951 og varð fyrsti sáttmáli sambandsins. Þá ákváðu sex ríki, Þýskaland, Ítalía, Lúxemborg, Frakkland, Holland og Belgía að hefja samstarf um kola, járn og stálframleiðslu. Með þessum sáttmála, Parísarsáttmálaum svokölluðum, var komið á fríverslun og sameiginlegum markaði með sameiginlegum reglum milli ríkjanna. Einnig var komið á sameiginlegri ákvarðanatöku þeirra á milli og yfirþjóðlegum stofnanaramma. Þessi sáttmáli hefur nú liðið undir lok (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 32-33; 2009a: 56).

Sumarið 1955 ákváðu utanríkisráðherrar þeirra sex ríkja sem stóðu að Kola- og stálbandalaginu að hittast og ræða frekara samstarf í efnahagsmálum. Í mars 1957 voru tveir Rómarsáttmálar svokallaðir undirritaðir. Þar var kveðið á um stofnun tveggja nýrra bandalaga,

Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu (Gallagher, Laver og Mair, 2006: 116).

Árið 1987 tóku Einingarlögin svokölluðu gildi. Með þeim var stofnanakerfi Evrópusambandsins tekið til endurskoðunar og unnið að því að koma á fót samræmdum innri markaði fyrir árslok 1992 (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 37-38). Það ár var Maastrichtsáttmálinn, eða Samningurinn um Evrópusambandið (e. Treaty on the European Union) undirritaður. Með honum má segja að Evrópusambandið, eins og við þekkjum það í dag, hafi orðið til. Með tilkomu Maastrichtsáttmálans snérist Evrópusambandið ekki lengur alfarið um efnahagslegt samstarf en fór þess í stað að snúast meira um pólitískt og félagslegt samstarf milli ríkjanna. Með sáttmálanum var ákvarðanatökufjerli innan Evrópusambandsins endurskoðað og má þar nefna nálægðarregluna, en í henni felst að allar ákvarðanir skuli taka næst þeim sem þær varða. Árið 1997 var Amsterdamsáttmálinn undirritaður. Með honum var m.a. ákveðið að taka upp nýjan gjaldmiðil fyrir sambandið, evruna, árið 2002. Nicesáttmálinn tók gildi árið 2003. Með honum var ákveðið að liðka fyrir stækkun sambandsins, endurskoða ákvarðanatökufjerli innan sambandsins og atkvæðavægi einstakra ríkja innan stofnanna þess (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 65-68). Lissabonsáttmálinn öðlaðist staðfestingu árið 2009. Hann fjallar m.a. um breytingar á Rómarsáttmálanum og Maastrichtsáttmálanum. Með honum er einnig lagður grunnur að sameiginlegri utanríkisþjónustu innan Evrópusambandsins og stofnun embættis forseta leiðtogaráðsins og utanríkismálastjóra (Helstu sáttmálar, Evrópuvefurinn, e.d.).

Evrópusambandið hefur enga eiginlega stjórnarskrá heldur byggja grundvallarlög þess á Rómarsáttmálanum, sáttmálum sem öðluðust gildi eftir hann og aðildarsamningum nýrra ríkja og viðaukum sem gerðir hafa verið (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 97).

2.4 Stofnanir

Stofnanauppbygging Evrópusambandsins líkist að mörgu leyti stofnanauppbyggingu ríkis. Sú samlíking getur þó verið misvísandi því hlutverk stofnanna geta verið mjög frábrugðin hlutverkum hefðbundinna stofnanna í ríkjum. Evrópusambandið hefur þar að auki eina stofnun, Framkvæmdastjórnina, sem á sér enga hliðstæðu í öðrum ríkjum (Dinan, 2010: 171). Hvorki er hægt að skilgreina Evrópusambandið sem sjálfstætt ríki né hefðbundna alþjóðastofnun.

Stofnanir Evrópusambandsins hafa vald til að taka ákvarðanir sem aðildarríkin eru bundin til að framfylgja, en aðeins á þeim afmörkuðu sviðum sem aðildarríkin hafa komið sér saman um. Í þessu samhengi má nefna að Evrópuréttur gengur framur landsrétti aðildarríkja. Megin stofnanir Evrópusambandsins eru nokkrar en þær eru leiðtogaráðið (e. European Council), ráðherraráðið (e. Council of the EU), evrópuþingið (e. European Parliament), framkvæmdastjórnin (e. European Commission), evrópudómstólinn (e. Court of Justice), endurskoðunardómstólinn (e. Court of Auditors) og seðlabanki Evrópu (e. European Central Bank). Að auki eru ýmsar hálfsjálfstæðar stofnanir starfandi innan vébanda sambandsins (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 45).

Leiðtogaráðið var sett á fót árið 1974. Það samanstendur af stjórnmalaleiðtogum og þjóðhöfðingjum hvers og eins aðildarríkis, forseta framkvæmdastjórnarinnar og forseta ráðsins. Leiðtogaráðið setur almenna pólitíska stefnu fyrir sambandið, forgangsraðar málefnum þess og tekur á flóknum og viðkvæmum málefnum sem ekki reynist unnt að leysa úr á lægri stigum innan stofnana þess. Þrátt fyrir þetta hefur leiðtogaráðið ekki löggjafarvald, en þar sem það er skipað stjórnmalaleiðtogum og þjóðhöfðingjum má segja að leiðtogaráðið sé valdamesta samkoma Evrópusambandsins (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009a: 98).

Ráðherraráðið er skipað fulltrúum allra aðildarríkjanna. Í því sitja engir fastir fulltrúar, heldur sendir hvert ríki einn fulltrúa fyrir hvert málefnasvið (Dinan, 2010: 211). Hlutverk ráðherraráðsins er margþætt. Það fer með löggjafar- og fjárveitingarvald ásamt Evrópuþinginu, samræmir efnahagsstefnu aðildarríkjanna, skrifar undir sáttmála milli Evrópusambandsins og annarra ríkja, þróar utanríkis- og varnarmálafundum Evrópusambandsins og samhæfir samstarf milli dómstóla og lögreglu innan aðildarríkja. Aðildarríkin fá úthlutað atkvæðum innan ráðsins í samræmi við fólksfjölda (Council of the EU, Europa, e.d.).

Kosið er til evrópuþingsins á fimm ára fresti. Fulltrúar eru kosnir beinni kosningu af almenningi. Þingfulltrúarnir mynda blokkir innan þingsins eftir pólitískum skoðunum en ekki eftir þjóðerni. Fjöldi þingfulltrúa hvers ríkis er í hlutfalli við íbúafjölda. Þingmenn Evrópuþingsins eru fulltrúar allra íbúa innan Evrópusambandsins en ekki sérstaklega eigin þjóðríkis. Helsta hlutverk Evrópuþingsins er að semja og samþykkja lög ásamt ráðherraráðinu og að hafa eftirlit með því síðarnefnda (European Parliament, Europa, e.d.).

Framkvæmdastjórnin er ein aðalstofnun Evrópusambandsins. Í henni sitja 27 fulltrúar, einn frá hverju aðildarríki sem ber ábyrgð á sérstöku málefnasviði. Ásamt því að koma fram fyrir hönd Evrópusambandsins á alþjóðlegum vettvangi hefur framkvæmdastjórnin yfirumsjón með og sér um framkvæmd á stefnumálum Evrópusambandsins. Hún leggur drög

að frumvörpum, annast ráðstöfun á fjármunum, úthlutar styrkjum og sér til þess að Evrópusambandslögmum sé framfylgt. Hún hefur skrifstofur í öllum aðildarríkjum sambandsins (European Commission, Europa, e.d.). Framkvæmdastjórnin er stofnun sem á sér ekki hliðstæðu og er í raun þungamiðja hins pólitíska kerfis Evrópusambandsins (Dinan, 2010: 171).

Evrópudómstóllinn túlkar lög Evrópusambandsins og gengur úr skugga um að þeim sé framfylgt á sama hátt í öllum aðildarríkjum. Einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir geta leitað til Evrópudómstólsins ef viðkomandi lítur svo á að brotið hafi verið á honum af Evrópusambandsstofnun (Dinan, 2010: 265).

Endurskoðunardómstóllinn hefur eftirlit með fjármálum Evrópusambandsins. Hann veitir evrópuþinginu og ráðherraráðinu árlega skýrslu um síðasta fjárhagsár. Hans hlutverk er einnig að berjast gegn fjársvikum innan sambandsins (Court of Auditors, Europa, e.d.).

Seðlabanki Evrópu tók til starfa árið 1998. Hlutverk hans er að hafa umsjón með evrunni, gjaldmiðli Evrópusambandsins, viðhalda stöðugu verðlagi og halda verðbólgu í skefjum innan sambandsins. Hann starfar með seðlabönkum allra aðildarríkjanna, og vinnur sérstaklega náið með þeim aðildarríkjum sem hafa tekið upp evruna (Central Bank, Europa, e.d.).

2.5 Staðan í dag

Á allra síðustu árum hafa Króatía, Makedónía, Svartfjallaland, Albanía og Serbía sótt um aðild að Evrópusambandinu. Í júní árið 2009 sótti Ísland einnig um aðild (Aðildarsaga, Evrópuvefurinn, e.d.). Í júní 2010 samþykkti leiðtogaárið að hefja aðildarviðræður við Ísland sem hófust formlega mánuði síðar. Í nóvember 2010 hófst vinna á svokölluðum rýnifundum íslenskra sérfræðinga og sérfræðinga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til undirbúnings sjálfum aðildarviðræðunum. Þessari undirbúningsvinnu lauk í júní 2011. Sérfræðingar frá Íslandi og Evrópusambandinubáru saman löggjöf í þeim 33 efnisköflum sem aðildarviðræðurnar munu snúast um. Á ríkjaráðstefnu sem haldin var í júní 2011 afréð Evrópusambandið að hefja formlegar viðræður um fyrstu fjóra kaflana sem liggja til grundvallar aðildarviðræðunum („Aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins formlega hafnar“, 2010; „Leiðtogaárið Evrópusambandsins samþykkir að hefja aðildarviðræður við Ísland“, 2011).

3. Evrópusambandið og Ísland

Ísland er strjálbýl eyja í norðanverðri Evrópu. Flatarmál landsins eru 103.000 km² (Landmælingar Íslands, e.d.) en íbúar voru 318.452 þann 1. janúar 2010 (Hagstofa Íslands, e.d.). Ísland er hluti af Evrópu í landafræðilegum, menningarlegum og sögulegum skilningi. Hér á landi eru lífskjör, menntun og menning svipuð því sem gerist í Norður-Evrópu. Rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar líta til Norðurlanda sem fyrirmynd að stjórnarháttum og stjórnkerfi og að þeir telja sig almennt eiga mikla samleið með Vestur-Evrópu (Gunnar Helgi Kristinsson, 1990: 11-12).

Í stjórnarskrá Íslands er kveðið á um að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Ennfremur skal forseti Íslands vera þjóðkjörinn (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, e.d.). Meirihluti þeirra Íslendinga sem ferðast utanlands vegna menntunar eða atvinnu fara til ríkja Evrópu, en þau eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Ísland er stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu (NATO), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Ísland tekur sömuleiðis þátt í margháttuðu norrænu samstarfi, svo sem á vettvangi Evrópuráðsins, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins. Ísland er í nánú samstarfi við Evrópusambandið á grundvelli ýmsa samninga. Vegna aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) höfum við nú þegar tekið upp stóran hluta regluverks sambandsins (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

Hér á eftir verður greint frá þeim samningum sem hafa fært okkur Íslendinga nær Evrópusambandinu í gegnum tíðina.

3.1. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) voru sett á fót á ráðstefnu í Stokkhólmi árið 1959. Samningurinn um þau tók gildi ári síðar. Sjö ríki í Vestur-Evrópu stóðu að stofnun samtakanna en núverandi aðildarríki eru Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss. Samningurinn felur í sér fríverslun milli landanna með iðnaðarvörur, sjávarafurðir og að hluta til landbúnaðarvörur. Ísland varð aðili að samtökunum árið 1970 (Vefsetur fastanefndar Íslands í Genf, e.d.). Markmið Íslands með aðildinni að EFTA var að aðlagða íslenskt efnahagslíf að evrópskum mörkuðum. Aðildin að EFTA liðkaði svo um munaði fyrir viðskiptum milli Íslands og ríkja Evrópusambandsins. Innflutningsgjöld lækkuðu og þar með lækkaði vöruverð á mörgum innflutningsvörum. Þetta hafði í för með sér samkeppni meðal

Íslenskra og evrópskra framleiðenda (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008: 76).

3.2. Evrópska efnahagssvæðið (EES)

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tók gildi í janúar árið 1994. Öll ríki Evrópusambandsins eiga aðild að samningnum ásamt Íslandi, Liechtenstein og Noregi. Samstarfið felur í sér frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga. Þetta hefur verið kallað „fjórfrælsið“. Markmiðið með samningnum er að „stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði“. Samkvæmt samningnum eiga þau ríki innan EES sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu að taka yfir þá löggjöf sambandsins sem samningurinn nær yfir til að stuðla að samræmingu á þeim reglum sem varða fjórfrælsið (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Með EES samningnum varð Ísland þátttakandi í samstarfi Evrópusambandsins á sviði rannsókn-, mennta- og menningarmála (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 84).

3.3 Schengen-samstarfið

Árið 1985 var samningur undirritaður í bænum Schengen í Lúxemborg sem kvað á um samstarf við landamæraeftirlit. Markmiðið með samstarfinu var að fella niður eftirlit með ferðum manna yfir sameiginleg landamæri Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands. Eftirlit gagnvart öðrum ríkjum skyldi hinsvegar styrkja. Einnig átti samningurinn að efla baráttuna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Í mars 2001 bættist Ísland í hóp þeirra 24 Evrópuríkja sem taka þátt í samstarfinu. Ísland hefur einnig verið aðili að Norræna vegabréfasambandinu ásamt Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi frá árinu 1957 (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Í meginatriðum felur Schengen-samstarfið í sér afnám landamæraeftirlits milli þeirra ríkja sem aðild eiga að samstarfinu, sameiginlegar reglur og eftirlit gagnvart ferðamönnum frá ríkjum utan aðildarríkja, samræmdar reglur um vegabréfsáritanir, meðferð flóttamanna og gagnvart ólöglegum innflytjendum. Ísland tekur nú þegar þátt í stærstum hluta samstarfs ESB sem lýtur að dóms- og innanríkismálum í gegnum Schengen-samstarfið (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 129; 2009a: 195).

3.4. Evrópusambandsumræðan

Umræðan um það hvort Ísland skuli ganga í Evrópusambandið er ekki ný af nálinni. Hægt er að færa fyrir því rök að umræða um kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu hafi verið nokkuð samfelld frá því árið 1994 þegar EES samningurinn tók gildi. Umræðan um hugsanlega aðild að sambandinu hefur aukist stöðugt hér á landi samfara stækkun sambandsins (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009b: 259). Segja má að hún hafi þó ekki hafist af fullum krafti fyrr en sumarið 2009 þegar ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna ákvað að sækja um aðild að sambandinu (Samfylkingin, e.d.). Afstaða stjórnmalaflokkanna til aðildar Íslands að Evrópusambandinu er afar ólík. Í Alþingiskosningum árið 2009 buðu sjö flokkar fram til þings (Hagstofa Íslands, e.d.).

Hér að neðan er greint frá afstöðu sex af þessum flokka til aðildar Íslands að Evrópusambandinu.

3.4.1 Sjálfstæðisflokkur

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum tíðina tekið afstöðu gegn Evrópusambandsaðild þrátt fyrir að hafa stutt aðild að annars konar fjölpjóðlegu samstarfi, eins og aðildina að NATO og EFTA. Eftir að flokkurinn komst í ríkisstjórn árið 1991 studdi hann aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Stuðningur Sjálfstæðisflokksins við samstarf Íslands og annarra ríkja hefur fyrst og fremst byggst á efnahagslegum rökum, en flokkurinn telur það til hagsbóta fyrir Ísland að taka þátt í samstarfi sem byggir á frelsi í viðskiptum. Þrátt fyrir að allir fylgismenn Sjálfstæðisflokksins hafi ekki lýst sig andvíga Evrópusambandsaðild hefur forysta flokksins á undanförunum árum verið andvíg henni (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 138). Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, borgarstjóri og forsætisráðherra og núverandi ritstjóri Morgunblaðsins, hefur verið einn helsti gagnrýnandi hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Hann heldur því fram að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins samræmist ekki stefnu Íslands og að aðild muni hafa alvarleg áhrif á sjávarútveginn (Baldur Þórhallsson; 2004: 7).

Í stjórnmaláályktun sem flokkurinn sendi frá sér eftir aukalandsfund flokksins árið 2010 segir „að íslensku þjóðinni vegni best utan ESB“ og að flokkurinn „segi nei við vegferð ríkisstjórnarinnar inn í ESB, enda er mikilvægara nú að stjórnsýslan setji alla sína krafta í að leysa aðkallandi hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Þjóðin á að hafa fyrsta og síðasta orðið um hvort aðildarferlinu sé haldið áfram“ (Sjálfstæðisflokkurinn, e.d.).

3.4.2 Framsóknarflokkur

Framsóknarflokkurinn klofnaði í afstöðu sinni til EES samningsins þegar hann var í stjórnarandstöðu árið 1991. Þegar kosið var um samninginn á þingi greiddu formaður flokksins og meirihluti þingmanna flokksins atkvæði gegn samningnum. Árið 1995 mynduðu Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur ríkisstjórn þar sem tekið var fram í stjórnarsáttmála að Evrópusambandsaðild væri ekki á dagskrá. Árið 2001 sendi Evrópunefnd flokksins frá sér álit þar sem kom fram að flokknum hugnaðist best að veita íslensku þjóðni svigrúm til að aðlagast þeim reglum sem fylgdu EES samningnum og sjá til þess að hann tryggi hagsmuni Íslands sem best. Að því loknu væri hægt að skoða betur hvernig tengslum Íslands við Evrópusambandið væri best háttað í framtíðinni (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 137-138).

Í ályktun sem Framsóknarflokkurinn sendi frá sér eftir flokksþing framsóknarmanna í apríl 2011 segir að „Framsóknarflokkurinn telji hag lands og þjóðar best borgið utan Evrópusambandsins“. Þar segir einnig að „Íslendingar skulu áfram leita eftir samstarfi við þjóðir innan og utan Evrópusambandsins á grundvelli frjálsra og sanngjarnra samninga og samvinnu sem byggir á jöfnuði og ábata allra aðila“ (Framsóknarflokkurinn, e.d.).

3.4.3 Samfylkingin

Kvennalistinn, Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn sameinuðust í einum stjórnarálflokki árið 2000 sem fékk nafnið Samfylkingin. Í upphafi var flokkurinn tvístígandi í stefnu sinni gagnvart Evrópusambandinu þar sem þeir flokksmenn sem komu frá Kvennalistanum og Alþýðubandalaginu voru almennt á móti aðild að sambandinu. Hinsvegar hafði Alþýðuflokkurinn árið 1994 orðið fyrstur stjórnarálflokka til að álykta að hefja ætti undirbúning að aðildarviðræðum við Evrópusambandið (Baldur Þórhallson, 2004: 6-7). Samfylkingin hefur nú tekið upp stefnu Alþýðuflokksins í Evrópumálum og er flokkurinn og stuðningsmenn hans almennt á því að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Velferðarhugsjónin er ofarlega í hugum Samfylkingarmanna en Alþýðuflokkurinn taldi að fjórfrelsið sem fylgdi EES samningnum myndi auka efnahagslega velferð þjóðarinnar (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003: 136)

Á heimasíðu Samfylkingarinnar segir að „Samfylkingin hefur um árabíl haft þá stefnu að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu og leggja niðurstöðu samningaviðræðna síðan undir þjóðaratkvæði“ og að „Samfylkingin telur að kostirnir við aðild séu svo margir og

ótvíræðir að sjálfsagt sé að láta reyna á það í samningaviðræðum við sambandið hvort hægt er að ná viðunandi samningum um málaflokka sem tengjast mikilvægum þjóðarhagsmunum, svo sem stjórn fiskveiða og fyrirkomulagi landbúnaðarmála“ (Samfylkingin, e.d.).

3.4.4 Vinstri græn

Vinstrihreyfingin – grænt framboð eða Vinstri græn var stofnuð árið 1999. Þar sameinuðust m.a. aðilar úr Alþýðubandalaginu og Kvinnalistanum og ýmsir umhverfisverndarsinnar. Flokkurinn er efins gagnvart aðild Íslands að EES og er á móti aðildinni að NATO. Stuðningsmenn og forystumenn flokksins eru einnig andsnúnir Evrópusambandsaðild (Baldur Þórhallsson, 2004: 5).

Samkvæmt stefnuýfirlýsingu flokksins er hann hlynntur Evrópusamstarfi á sviði menntamála, vinnumarkaðsmála og umhverfismála. Flokkurinn telur jafnframt að „hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að Evrópusambandinu réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar og er aðild að Evrópusambandinu því hafnað“. Vinstri græn telja að Ísland, sem smáríki, hafi ekki hag af því að taka sér stöðu innan tollamála Evrópusambandsins og þeir taka þeirri umræðu um að Ísland geti fengið undanþágu frá grundvallarsáttmálum Evrópusambandsins með fyrirvara (Vinstrihreyfingin – grænt framboð, e.d.).

3.4.5 Frjálslyndi flokkurinn

Í málefnahandbók Frjálslynda flokksins sem finna má á heimasíðu hans segir að Frjálslyndi flokkurinn líti svo á að Ísland eigi að fara varlega í samskiptum sínum við Evrópusambandið og að „aðild kemur ekki til greina á meðan reglur sambandsins eru óbreyttar í fiskveiðimálum“. Flokkurinn er þrátt fyrir það fylgjandi því að taka þátt í samstarfi við einstakar þjóðir Evrópu með þátttöku í NATO, EES, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Evrópuráðinu, Norðurlandaráði og Vestnorræna ráðinu (Frjálslyndi flokkurinn, e.d.).

3.4.6. Borgarahreyfingin

Ekki er að fullu ljóst hvaða stefnu Borgarahreyfingin hefur gagnvart hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu. Borgarahreyfingin studdi ekki þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar árið 2009 um að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu að óbreyttu. Haft var eftir Þór Saari,

þingmanni Borgarahreyfingarinnar að þingsályktunartillagan uppfyllti ekki þau skilyrði sem flokkurinn setti („Borgarahreyfingin styður ekki stjórnartillögu um ESB-umsókn“, 2009).

3.5 Samtök og grasrótahreyfingar

Ýmis samtök og grasrótahreyfingar í landinu hafa tekið afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild á einn eða annan hátt, sem byggist á því hvort hagsmunum þeirra sé betur borgið innan sambandsins eður ei. Sum samtök hafa beinlínis þann tilgang að taka skýra afstöðu með og á móti aðild. Af þeim samtökum sem beinlínis hafa það hlutverk að koma sínum málstað á framfæri gagnvart Evrópusambandinu má helst nefna Heimssýn og Já Ísland.

Þverpólítísku samtökin Heimssýn taka skýra afstöðu gegn Evrópusambandsaðild. Á vefsíðu samtakanna segir: „Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, eru þverpólítísk samtök þeirra sem telja hagsmunum Íslendinga best borgið með því að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins“. Þar segir jafnframt að „við undirrituð leggjum áherslu á vinsamleg samskipti og víðtæka samvinnu við aðrar þjóðir í Evrópu og heiminum öllum en teljum það ekki samrýmast hagsmunum Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu“. Samtökin voru stofnuð árið 2002 og hafa skrifstofur í öllum landshlutum. Starfsemi Heimssýnar byggir á frjálsum framlögum almennings (Heimssýn, e.d.).

Já Ísland er sameiginlegt verkefni ýmissa samtaka sem taka skýra afstöðu með Evrópusambandsaðild. Þessi samtök eru Evrópusamtökin, Evrópuvakt Samfylkingarinnar, Sjálfstæðir Evrópumenn, Sterkara Ísland og Ungir Evrópusinnar. Á vefsíðu Já Ísland segir að „þeir einstaklingar sem styðja Já Ísland hafa margar og ólíkar skoðanir en eru sammála um að framtíð okkar Íslendinga sé betur borgið í samfélagi þjóðanna innan Evrópusambandsins en utan þess“. Á vefsíðunni segir jafnframt að „Já Ísland er sameiginlegur vettvangur Evrópusinna, einstaklinga og samtaka. Það er samfélag þeirra sem vilja vinna að aðild Íslands að Evrópusambandinu með því að stuðla að hagstæðum aðildarsamningi og upplýstri og öfgalausri umræðu um aðildina“. Samtökin voru stofnuð árið 2011. Fjármögnun þeirra byggir á frjálsum framlögum almennings (Já Ísland, e.d.).

Fjölmörg hagsmunasamtök hafa tekið afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild. Alþýðusamband Íslands styður eindregið aðild Íslands að sambandinu og segir jafnframt að aðild að evrópska myntsamstarfinu og seinna evrópska peningamálasamstarfinu myndi leggja mikilvægan grunn að því að skapa meiri festu í skráningu krónunnar (ASÍ, e.d.).

Samtök iðnaðarins eru sömuleiðis hlynnt aðild. Á meðal stefnumála samtakanna er aðild Íslands að Evrópusambandinu ásamt upptöku evru sem gjaldmiðils, enda eru Íslendingar mjög háðir utanríkisviðskiptum og í nánum alþjóðlegum samskiptum. Þeir telja að alþjóðlegt samstarf móti starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja í sífellt meiri mæli (Samtök Iðnaðarins, e.d.).

Bændasamtök Íslands hafa um árabil lýst sig andvíg aðild Íslands að Evrópusambandinu. Að mati samtakanna mun matvælaöryggi skerðast, atvinna og byggð í dreifbýli vera í hættu og íslenskur landbúnaður veikjast ef við göngum í sambandið. Samtökin telja einnig að reynsla nágrannaþjóða af Evrópusambandinu hafi verið neikvæð (Bændasamtök Íslands, e.d.).

Landsamband íslenskra útvegsmanna tekur sömuleiðis afstöðu gegn aðild. Afstaða LÍÚ byggist á því að það telur að Íslendingar eigi að hafa forræði yfir fiskimiðunum og að við höfum sanningsforræði við skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum. LÍÚ telur að með Evrópusambandsaðild yrði lagasetningarvaldið, forræði og fyrirvar í málefnum sjávarútvegs varanlega framselt til Evrópusambandsins þar sem við hefðum óverulegt atkvæðavægi. (LÍÚ, e.d.).

4. Fjölmiðlar

„Læknum ber skylda til að koma sjúklingnum sínum til heilsu, söngvara ber skylda til að syngja og blaðamönnum ber skylda til að skrifa það sem þeir sjá í raunveruleikanum“ sagði rússneska blaðakonan Anna Politkovskaya eitt sinn (Davies, 2009: 7).

Í gegnum árin hafa misyfirgripsmiklar og nákvæmar skilgreiningar á fjölmiðlum verið settar fram. Menn greinir einnig á um hvaða hlutverk fjölmiðlar hafi og eigi að gegna í nútímaþjóðfélagi og út frá því hafa sprottið upp ýmsar kenningar til að lýsa hlutverki fjölmiðla og skilgreina það.

Fræðimenn hafa komið sér saman um nokkrar almennar skilgreiningar á fjölmiðlum og hlutverki þeirra, en hafa skal í huga að þessar skilgreiningar eru í sífelldri mótun eftir því sem tækni í boðskiptum fleygir fram og samruni milli ólíkra miðla eykst stöðugt.

4.1. Hvað er fjölmiðill?

Páll Sigurðsson segir í bók sinni Fjölmiðlaréttur að fjölmiðill sé tæki til að dreifa upplýsingum til mikils mannfjölda á stóru svæði. Blöð, útvarp, kvikmyndir, bækur, sjónvarp og geisladiskar eru t.a.m. allt dæmi um „fjölmiðlataeki“. Útvarp, eða hljóðvarp eins og það er einnig nefnt, og sjónvarp hafa einnig verið nefndir „ljósvakamiðlar“. Hugtakið fjölmiðlun er að veita, úthluta eða láta af hendi upplýsingar frá einum eða fleiri aðilum til annarra aðila. Ef fjölmiðlaumfjöllun er markviss og skipuleg getur hún verið mikill áhrifavaldur í þjóðmálum og virkað sem þjóðfélagsafl sem þrýstir á um breytingar (Páll Sigurðsson, 1997: 17-18).

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla segir að fjölmiðill sé:

stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: hann getur gert það á pappír sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á Internetinu (Menntamálaráðuneytið, 2005: 13).

Færa má rök fyrir því að fjölmiðlar séu samfélagslegur áttaviti sem hjálpa okkur að rata um samfélagið. Þeir gefa okkur yfirlit yfir það sem gerðist í gær, fræða okkur um daginn í dag og setja mál í samhengi (Ragnar Karlsson, 2009: 44). Frumskilyrði fyrir því að lýðræðislegt þjóðfélag geti staðið undir nafni og þrífist er að kjósendur hafi aðgang að nákvæmum og óhlutdrægum upplýsingum og fréttum (Klaehn, 2010: 139).

Fjölmiðlar eru ein mikilvægasta upplýsingaveita almennings í lýðræðissamfélögum nútímans. Líklegra er að ólík sjónarhorn og ólíkar skoðanir fái að njóta sín ef til staðar eru margir mismunandi fjölmiðlar í eigu margra ólíkra aðila. Til þess að borgararnir hafi tækifæri til að rækta frelsi sitt þurfa þeir að eiga greiðan aðgang að góðum og réttum upplýsingum um samfélagið og vettvang til umræðu. Þar koma fjölmiðlar til sögunnar. Gera þarf greinarmun á þeim fjölmiðlum sem hafa það hlutverk að vernda almannahagsmuni og þeirra sem standa fyrir sértæk sjónarmið (Menntamálaráðuneytið, 2005: 13; Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

4.2 Hlutverk fjölmiðla

Flestir fjölmiðlar nú til dags eru reknir eins og hver önnur fyrirtæki. Þeir veita þjónustu fyrir fjárhagslegan ávinning. Aftur á móti eru fjölmiðlar í ríkiseigu, eins og RÚV og BBC ekki reknir í gróðarskyni heldur veita upplýsingar og þjónustu í almannahag (McQuail, 2005: 283). Megin hlutverk blaða- og fréttamanna er að veita almenningi réttar og hlutlægar upplýsingar um samfélagið. Skyldur þeirra eru því fyrst og fremst við borgarana. Grundvöllur lýðræðisríkja byggist á því að þegnar þeirra hafi frelsi til að taka upplýstar ákvarðanir um líf sitt og geti tjáð sig og skipst á skoðunum um þjóðfélagsmál. Það er hlutverk blaða- og fréttamanna að veita þessar upplýsingar á nákvæman og skiljanlegan hátt og tryggja að allir hafi aðgang að þeim (Society of Professional Journalists, e.d.).

Fjölmiðlar hafa stundum verið kallaðir „fjórða valdið“, sem væri þá viðbót við þrískiptingu ríkisvaldsins í dómsvald, framkvæmdavald og löggjafarvald. Þetta vald getur falið í sér þrenns konar hlutverk: aðhaldshlutverk, upplýsingahlutverk og umræðuhlutverk. Aðhaldshlutverkið felur í sér að fjölmiðlar veiti stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum aðhald. Upplýsingahlutverkið felur í sér kröfur um vönduð og fagleg vinnubrögð, að blaða- og fréttamenn sjái til þess að þær upplýsingar sem þeir senda frá sér séu skýrar og nákvæmlega framsettar, hlutlausar og heiðarlegar. Umræðuhlutverkið felur í sér að fjölmiðlar séu vettvangur fyrir umræður þar sem öll sjónarmið fá að njóta sín á jafnan hátt. Umræður um þjóðfélagsmál eiga ætíð að birtast þegnum á hlutlausan hátt (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 2010).

4.3. Fagleg blaða- og fréttamennska

Þegar rætt er um faglega blaða- og fréttamennsku er átt við að blaða og fréttamenn séu „sjálfstæðir í vinnubrögðum og nálgist viðfangsefni sitt með hlutlægum hætti og með almannahagsmunum að leiðarljósi“ (Menntamálaráðuneytið, 2005: 19-20). Í þessu felst augljóslega að umfjöllun má ekki litast af persónulegum skoðunum þess sem hana ritar, né af hagsmunum eigenda eða auglýsenda. Störf blaða- og fréttamanna hafa breyst mikið á undanförunum árum með nýrri tækni og meiri kröfum um hraðara upplýsingaflæði. Þrátt fyrir auknar kröfur um meiri hraða og meira magn fréttu er mikilvægt að blaðamenn standi vörð um sínar grundvallarskyldur gagnvart borgurinum, en þær eru að flytja nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um þjóðfélagið sem þeir lifa og hrærast í (Menntamálaráðuneytið, 2005: 13).

Í Siðareglum Blaðamannafélags Íslands er að finna lýsingu á hlutverki, skyldum og ábyrgð blaða- og fréttamanna. Þar segir t.a.m. að „blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum“ (Siðareglur Blaðamannafélags Íslands, 1991).

Faglegur frétttaflutningur felst í því að setja fram allar þær upplýsingar sem máli skipta og að taka þær ekki úr samhengi. Annað sem einkennir faglega blaðamennsku er að geta dregið skýrar línur milli fréttu og auglýsinga. Til að það séu unnt þarf fjölmiðlamönnum að vera tryggt ritstjórnarlegt sjálfstæði (Menntamálaráðuneytið, 2005: 19).

4.4. Kenningar um fjölmiðla

Denis McQuail heldur því fram að lýsa megi 20. öldinni sem „fyrstu öld fjölmiðla“. Þá fyrst fóru menn að velta fyrir sér og í raun einnig að hafa áhyggjur af áhrifum fjölmiðla. Upphaf fjölmiðlafræði sem fræðigreinar má rekja bæði til Bandaríkjanna og Þýskalands en fjölmiðlafræði öðlaðist ekki sess í háskólasamfélaginu fyrr en á sjöunda áratugnum. Í kjölfarið hafa sprottið upp ýmsar kenningar um fjölmiðla og áhrif þeirra á líf okkar í leik og starfi (McQuail, 2005).

Hér að neðan mun ég skoða þrjár kenningar sem eiga það sameiginlegt að fjalla um hvernig fjölmiðlar hafa áhrif á hvaða málefni eða skoðanir eru mest áberandi í þjóðfélaginu hverju sinni.

4.3.1 Dagskrárvald

Í grundvallaratriðum snýst kenningin um dagskrárvald (e. agenda setting) um það að notendur fjölmiðla halda að það málefni sem fær mesta umfjöllun í fjölmiðlum á hverjum tíma sé það mikilvægasta. Þetta ferli getur bæði verið meðvitað og ómeðvitað. Erfitt getur reynst að prófa þessa kenningu á vísindalegan hátt því fjölmiðlar eru bæði vakandi fyrir því sem er að gerast í þjóðfélaginu og því sem gerist á stjórn málasviðinu. Hugtakið „dagskrárvald“ hefur aðallega verið nefnt í tengslum við kosningaherferðir og önnur málefni tengd stjórn málum (McQuail, 2005: 548). McCombs, Maxwell og Reynolds rannsökuðu umfjöllun bandarískra fjölmiðla um Íraksstríðið sem náði nýjum hæðum í byrjun árs 2007. Rannsókn þeirra leiddi í ljós að þegar leið að forsetakosningum árið 2008 stóð bandarískur almenningur í þeirri trú að Íraksstríðið væri mikilvægasta málefnið. Þetta töldu þeir McCombs og samverkamenn hans að hægt væri að rekja til aukinnar umfjöllunar fjölmiðla um Íraksstríðið. Fjölmiðlar eru ekki einu áhrifavaldar í lífi fólks, en það meðtekur það sem það les, sér eða heyrir, upplýsingarnar safnast upp og verða mönnum ofarlega í huga þegar umræða skapast um málefnið (McCombs, Maxwell og Reynolds, 2009: 1).

4.3.2 Innrömmunarkenningin

Innrömmunarkenningin (e. framing effect) er náskyld hugmyndinni um dagskrárvald fjölmiðla. Samkvæmt henni beina fjölmiðlar athygli sinni að ákveðnum atburðum og leggja ákveðinn skilning í þá. Hugtakið „römmun“ vísar til þess að þótt fjölmiðlar stjórni ekki skoðunum okkar þá þrýsti þeir á okkur til að líta á hlutina frá ákveðnu sjónarhorni fremur öðru (Þorbjörn Broddason, 2004: 4).

Að mati McQuail felur kenningin í sér tvær meginhugmyndir. Önnur vísar til þess að fréttaumfjöllun er mótuð og sett í samhengi eftir ákveðnum og fyrirfram gefnum ramma. Hin vísar til þess að notendur fjölmiðla taki upp þennan sama ramma og sjái hlutina í líku eða í sama ljósi og blaða- og fréttamennirnir (McQuail, 2005: 555).

4.3.3 „Spíral þagnarinnar“

Noelle-Neumann setti upphaflega fram hugmyndina um „spíral þagnarinnar“ (e. spiral of silence). Þessi hugmynd snýst um það að þeir aðilar sem hafa skoðanir sem samræmast ekki

almenningsálitinu hafi tilhneigingu til að hafa hljótt um þær. Af þessu leiðir að almenningsálitið er síður véfengt. Þessi tilgáta er ein útgáfan af svokölluðum 3. persónu áhrifunum. Í þeim felst að einstaklingurinn sé ómeðvitaður um áhrif fjölmiðla og telji sér trú um að hann sé sá eini sem hafi ekki orðið fyrir áhrifum af völdum þeirra. En að sama skapi er sá hinn sami sannfærður um að aðrir hafi orðið fyrir áhrifum (McQuail, 2005: 568).

4.3.4 Áróður

Hugtakið „áróður“ (e. propaganda) hefur verið skilgreint sem vísvitandi ferli til að hafa áhrif á hegðun og skoðanir fólks með því að nota samskipti og boðskipti á skipulagðan hátt. Áróðurinn sem um ræðir er sendur út með hag sendandans í huga en ekki móttakandans. Þeim skilaboðum sem komið er á framfæri af hálfu sendandans hafa í mörgum tilvikum ekki að geyma allan sannleikann og sumir sem notast við áróður beita beinlínis lygum til að reyna að hafa sem mest áhrif á hegðun og skoðanir þeirra sem áróðrinum er beint að (McQuail, 2005: 564).

Þessar kenningar snúa að því hvernig fjölmiðlar hafa áhrif á það hvaða augum við lítum umheiminn. Sama á einnig við um kenningu Edward Hermans og Noam Chomskys um „Propaganda módelið“ eða „áróðursmódelið“. Kenningin hefur haft mikil áhrif á umræðu um fjölmiðla og áhrif þeirra. Næsti kafli er alfarið tileinkaður þessari kenningu.

5. „Propaganda módelið“

Árið 1988 gáfu þeir félagar Edward S. Herman og Noam Chomsky út áhrifamikla bók sem nefndist *Manufacturing Consent: The Political Economy of the Mass Media* (Herman og Chomsky, 1988). Í bókinni setja þeir Herman og Chomsky fram kenningu um „elítufjölmiðla“, sem þeir nefna „Propaganda módelið“, sem gæti útlagst á íslensku sem „áróðursmódelið“. Að þeirra mati eru fjölmiðlar kerfi til að miðla skilaboðum og táknum til almennings. Hlutverk þeirra er að skemmta, upplýsa og innræta með almenningi þau gildi og viðhorf sem munu hjálpa honum að samlagast samfélaginu. Til að uppfylla þessar skyldur sínar í ríku og stéttaskiptu samfélagi þurfa fjölmiðlar að notast við kerfisbundinn áróður. Skrifræði ríkisvaldsins veldur einokun á fjölmiðlum og ritskoðun og því þjóna fjölmiðlar ríkjandi yfirstétt.

Áhrifa áróðurs er mun erfiðara að greina þar sem fjölmiðlar eru í einkaeigu og formleg ritskoðun er ekki til staðar. Þeir félagar segja að sérstaklega erfitt sé að koma auga á þennan áróður þegar fjölmiðlar keppast sín á milli að uppljóstra um embættisafglöp innan fyrirtækja og í stjórnkerfinu. Slíkt gæti látið fjölmiðla líta út fyrir að vera í forsvari fyrir málfrelsi og að þeir beri hagsmuni almennings fyrir brjósti (Herman og Chomsky, 1988).

„Áróðursmódelið“ leggur áherslu á tengsl auðæfa og valds og hvernig þessi tengsl hafa áhrif á fjölmiðla. Herman og Chomsky álíta að fjölmiðlar séu valdataeki til að styðja við hagsmuni ráðandi stétta. Samkvæmt áróðursmódelinu eru fjölmiðlar eins og hver önnur fyrirtæki sem starfa í markaðshagkerfi. Fjármögnun þeirra byggist að stórum hluta af auglýsingum og þeir eru því að meiru eða minna leyti upp á náð augýsenda komnir. Af þeirri ástæðu, telja þeir Herman og Chomsky, að fjölmiðlarnir reyni að styggja ekki auglýsendurna með fréttum sem gætu komið þeim illa (Herman og Chomsky, 1988; Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006).

Samkvæmt kenningunni fara fréttir í gegnum fimm „síur“ (e. filters) áður en þær birtast almenningi. Þessar síur eru:

1. Stærð, eignarhald og gróðarsjónarmið fjölmiðla
2. Auglýsendur
3. Heimildamenn fjölmiðla
4. Athugasemdir hagsmunahópa eða gagnrýni í garð fjölmiðla
5. Ríkjandi hugmyndafræði

Síurnar verka á víxl og styrkja hvor aðra. Fréttir sem koma fyrir sjónir almennings hafa farið í gegnum þessar fimm síur og eru „hreinsaðar leifar sem óhætt er að birta“ (Herman og Chomsky, 1988: 2). Að mati þeirra Hermans og Chomskys er þetta ferli nú orðið svo eðlilegt að þeir blaða- og fréttamenn sem starfa við fjölmiðla af fullum heilindum séu þessa alls ómeðvitaðir og telji sér trú um að þeir séu færir um að velja og túlka fréttir á hlutlausan hátt (Herman og Chomsky, 1988). Hér að neðan eru hinar fimm „síur“ útskýrðar nánar.

5.1 Eignarhald á fjölmiðlum

Litlar og faliðaðar fréttastofur eiga sífellt erfiðara uppdráttar á meðan stærri fréttastofur, sem oftast en ekki eru partur af stórum fjölmiðlasamsteypum, vegnar yfirleitt betur. Sá hængur er þó á því þessar fjölmiðlasamsteypur eru oft í tengslum við annarskonar stórfyrirtæki, og fréttastofurnar birta oft fréttir sem þóknast þessum fyrirtækjum eða samsteypum. Herman og Chomsky benda á að stórfyrirtæki og samsteypur starfi einungis í hagnaðarskyni og þeir sem reka fyrirtækin eða samsteypurnar starfi með gróðasjónarmið að leiðarljósi. Því eru þær fréttir sem á einhvern hátt kunna að tefla fjármálum fyrirtækisins í tvísýni helst ritskoðaðar og hlutdrægar. Að hámarka gróða fyrir fyrirtækið mun alltaf vera ofar hlutlægni fréttamanna. Fréttastofur eru einnig háðar leyfi og styrkjum frá stjórnvöldum sem getur gert þær sérstaklega varnarlausar gagnvart ritskoðun stjórnvalda (Herman og Chomsky, 1988; Cromwell, 2002). Þorbjörn Broddason heldur því fram að samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlum geti leitt til ritskoðunar og þar með takmörkun á tjáningarfrelsi (Þorbjörn Broddason, 2005: 37-38). Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra segir að samþjöppunar að fjölmiðlamarkaði hafi orðið vart um allan heim. Fá stórfyrirtæki sækja í sig veðrið og eru orðin ráðandi á fjölmiðlamarkaði en minni fyrirtæki hafa ekki bolmagn til að keppast við þau (Menntamálaráðuneytið, 2005: 21).

5.2. Auglýsendur

Eigendur fjölmiðla leitast eftir að fá sem flesta auglýsendur til að borga fyrir auglýsingu í miðli þeirra til að komast hjá því að hækka verð. Fjölmiðillinn birtir fréttir og greinar til að fá fólk til að kaupa viðkomandi vöru en líta má svo á að efnið sé uppfyllingarefni. Fréttir og greinar sem þjóna ekki hagsmunum þeirra lesenda sem auglýsingunum er ætlað að höfða til eru hafðar lítið áberandi eða þeim sleppt. Því má eiginlega segja að fréttirnar og greinarnar leiki aðeins aukahlutverk (Herman og Chomsky, 1998; Cromwell, 2002).

Bandaríski fjölmiðlafræðingurinn Robert McChesney heldur því fram að fréttir séu litaðar af gildum eigenda fjölmiðla og auglýsenda (Robert W. McChesney, 2000). Guðbjörg Hildur Kolbeins segir að hagsmunir eigenda fjölmiðla séu samtvinnaðir hagsmunum auglýsenda. Auglýsendur, notfæra sér að hennar sögn, þá stöðu sem þeir hafa, þ.e.a.s. að fjölmiðlar eru háðir fjármagni þeirra.

Árið 2005 athugaði Guðbjörg hvort tengsl væru á milli eignarhalds á íslenskum dagblöðum og auglýsinga sem í þeim birtust. Rannsóknin beindist sérstaklega að Fréttablaðinu og auglýsingum verslana innan samsteypu Baugs, sem átti þá stærstan hlut í Fréttablaðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar „bentu eindregið til að Fréttablaðið fái drjúgan hlut af auglýsingatekjum sínum frá öðrum fyrirtækjum í eigu Baugs – að peningarnir fari úr einum vasa í annan“ (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006).

5.3 Heimildamenn

Fréttastofur hafa hvorki fjármagn né mannskap til að hafa fréttamenn, eða fréttaritari í öllum landshlutum eða öllum heimshornum. Þær þurfa því að styðjast við heimildamenn og þá sérstaklega á þeim stöðum þar sem líklegt er að fréttmæmir atburðir eigi sér stað, eins og á Alþingi. Fréttastofur hafa orðið sífellt háðari almannatenglum fyrirtækja og ýmiss konar talsmönnum þeirra. Þessir talsmenn gera allt sem í þeirra valdi stendur til að svarta ekki mannorð síns fyrirtækis eða síns málstaðar og því fá fréttastofurnar hlutdræga umfjöllun frá þessum aðilum. Ef umfjöllun fréttastofa er óvillhöll eða óréttmæt að mati fyrirtækisins gætu það hæglega ákveðið að veita ekki fréttastofunni upplýsingar í framtíðinni, ellegar að skrífa fyrir auglýsingar í þeim fjölmiðlum sem ekki fjalla um málefni þeirra svo þeim líki. Þar með hefur fréttastofan misst mikilvægan tengilið. Fréttastofurnar leitast við að halda góðu sambandi við alla sína heimildamenn og tengiliði (Herman og Chomsky, 1988; Cromwell, 2002).

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra frá árinu 2005 segir hinsvegar að stjórnámamenn og ýmis fyrirtæki þyki áreiðanlegir heimildamenn. Vegna tímaskorts leggja fréttamenn mikið upp úr því að koma sér upp góðu tengslaneti. Sökum hagsmunatengsla getur þetta samband heimildamanns og fréttamanns verið tvíbent. Í skýrslunni segir jafnframt að mikilvægt sé að sannreyna heimildir og því þurfi blaðamenn og fréttamenn að ganga úr skugga um að heimildamenn reyni ekki að koma áróðri eða ósannindum á framfæri. Það er

hægt að gera með því að afla upplýsinga frá mörgum ólíkum aðilum (Menntamálaráðuneytið, 2005: 18).

Í rannsókn sem gerð var á uppruna fréttu í bresku blöðunum The Times, Guardian, Independent, Daily Telegraph og Daily Mail reyndust 60% vera endurrunnið efni eða fréttatilkynningar sem upprunnar voru frá almannatengslafyrirtækjum (Davies, 2009: 52).

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá því 2010 er varpað fram þeirri tilgátu að völdin hafi færst frá stjórnámálum yfir í viðskiptalífið. Áður hafi blaða- og fréttamenn hneigst til að líta á starf sitt sem stökkpall yfir í stjórn málin en nú virðast þeir frekar sækjast eftir að gerast upplýsingafulltrúar fyrirtækja. Í skýrslunni er þessum fulltrúum skipt í tvo hópa. Sá fyrri samanstendur af þeim sem greiða leið almennings að upplýsingum en aðilar í seinni hópnum líta á sig sem hliðarverði vinnuveitanda síns. Við rannsókn á bankahruninu árið 2008 kom í ljós að upplýsingafulltrúar hjá fjármálafyrirtækjum höfðu gefið ranga mynd af raunverulegu ástandi mála (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

5.4 Athugasemdir hagsmunahópa eða gagnrýni

Athugasemdir merkir hér neikvæð viðbrögð við efni fjölmiðla. Slíkar athugasemdir geta verið í formi bréfa, símtala, tölvupósta, beiðna, lögsókna, kvartana og annarra umvandana. Herman og Chomsky benda á að ýmis stórfyrirtæki hafi svokallaðar „gagnrýnisvélar“ á sínum snærum, þ.e. fyrirtæki sem stofna til einhverra samtaka sem virðast óháð en starfa í því skyni að verja hagsmuni fyrirtækisins. Fyrirtækin noti oft og einatt slík samtök til að gagnrýna þann frétttaflutning sem hagsmunum þeirra stafar ógn af að þeirra álitu (Herman og Chomsky, 1988; Cromwell, 2002).

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að reynslan sýni að fjölmiðlamenn búi við heilmikið áreiti frá ýmsum aðilum sem reyni að hafa áhrif á frétttaflutning. Það sé hinsvegar hlutverk fjölmiðlamanna að láta ekki undan þessum þrýstingi, enda eiga þeir að vera honum vanir (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

Á sjötta áratug síðustu aldar uppgötvuðu vísindamenn tengsl milli reykinga og krabbameins. Í kjölfarið réðu tóbaksfyrirtækin til sín almannatengslafyrirtæki. Þau stofnuðu samtök sem áttu að vernda hagsmuni tóbaksfyrirtækjanna. Ein slík samtök vöktu athygli fjölmiðla með því að fjalla eingöngu um þær rannsóknir þar sem vafi lék á um tengslin milli reykinga og krabbameins. Sérfræðingar innan almannatengslaiðnaðarins segja að bestu almannatengslarnir feli sína eigin slóð (Davies, 2009: 167).

5.5 Ríkjandi hugmyndafræði

Fjölmiðill sem byggir fréttáflutning sinn á hlutlægni er mun líklegri til að vinna sér inn traust almennings heldur en þeir sem gera það ekki. Hugtakið „hlutlægni“ felur í sér kröfur gagnvart fréttum. Samkvæmt Þorbirni Broddasyni eru þessar kröfur „efnislega rétt og nákvæm frásögn, jafnvægi, aðgreining túlkunar frá sjálfum fréttáflutningnum, opin heimildaöflun og óvilhöll afstaða“ (Þorbjörn Broddason, 2005: 32). Herman og Chomsky halda því fram að fjölmiðlarnir færi sér í nyt ríkjandi hugmyndafræði til að koma höggi á þá sem ógna henni. Þannig er ekki óalgengt að vestrænir fjölmiðlar fjalli á neikvæðan hátt um það eða þá sem taldir eru ógna vestrænu samfélagi. Þannig ali þeir beint á ótta meðal almennings og kyndi undir hatri á þeim sem taldir eru ógn við samfélagið. Slík umfjöllun getur verið ýmist neikvæð, ýkt eða jafnvel uppspuni frá rótum.

Manufacturing Consent var skrifuð á tímum kalda stríðsins á meðan kommúnismi var talin aðalógnin við kapítalískt samfélag. Þeir félagar hafa síðan uppfært kaflann. Í stað kommúnismans telja þeir að það sem hafi einna mest áhrif á ríkjandi hugmyndafræði í dag sé stríðið gegn hryðjuverkum (Herman og Chomsky, 1988; Cromwell, 2002).

5.6 Viðbrögð við Propaganda módelinu og notkun á því

Propaganda módelið, eða áróðursmódelið hefur verið gagnrýnt bæði af hálfu þeirra sem standa á vinstri og hægri væng stjórn mála. Viðbrögð fræðimanna við kenningunni þegar hún kom fyrst fram voru almennt neikvæð. Gagnrýnt hefur verið að módelið beri keim af samsæriskenningum, það gerði of mikið úr áróðursvaldi fjölmiðla, of lítið úr fagmennsku blaðamanna og að það gefi alltof einfalda mynd af raunverulegum aðstæðum sem fjölmiðlar búi við og af starfsháttum blaða- og fréttamanna. Þrátt fyrir þessa gagnrýni hafa ýmsir fræðimenn fært sér kenninguna í nyt við rannsóknir sínar (Klaehn, 2002: 139-140).

Kenningar Robert McChesneys samrýmast vel áróðursmódelinu. Samkvæmt honum standa fjölmiðlar ekki vörð um lýðræðið, eins og hugmyndin um fjórða valdið gefur til kynna. Þess í stað þjóna fjölmiðlar fyrst og fremst eigendum sínum og sjái um að skila til þeirra hagnaði (Robert W. McChesney, 2000). Í þessu sambandi má nefna að hér á landi hafa ýmsir lýst yfir áhyggjum af því hvernig reglur um auglýsingar og kostun séu brotnar linnulaust á þann hátt að auglýsingum, skemmtiefni og fréttum sé fléttað saman (Menntamálaráðuneytið, 2005: 21).

Andrew Mullen rannsakaði umfjöllun um Evrópumál í breskum fjölmiðlum. Hann studdist við áróðursmódelið til að útskýra umfjöllun miðlanna. Hann rýndi í umfjöllun helstu dagblaða Bretlands um aðild landsins að Evrópusambandinu á áttunda áratugnum. Breska ríkisstjórnin sótti um Evrópusambandsaðild árið 1973. Mullen telur að niðurstöður sínar sýni ótvírætt að skoðanir hinna pólitísku valdablokka á þeim tíma hafi haft áhrif á blaðaumfjöllun um Evrópusambandsaðild. Öll helstu dagblöð Bretlands nema tvö fjölluðu á jákvæðan hátt um Evrópusambandsaðild á þessum tíma. Hagsmunir auglýsenda og fjármálageirans voru á þessum tíma efnahagslegur stöðugleiki, og ríkisstjórn Bretlands stóð í þeirri trú að efnahagur Bretlands myndi dafna við Evrópusambandsaðild (Mullen, 2010: 207-230).

6. Innihaldsgreining á greinum Morgunblaðsins og Fréttablaðsins

Lengst af síðustu öld voru flest íslensk dagblöð málöggn ákveðinna stjórnmalaflokka. Blöðin endurspegluðu því oftast með mjög skýrum hætti hugsjónir og stefnu eigenda sinna. Stjórnmalaflokkarnir höfðu vald yfir dagblöðunum, en Ríkisútvarpið og seinna Ríkissjónvarpið, varð fyrir minnstum áhrifum. Ástæður þess er helst hægt að rekja til eignarhalds ríkisins og því viðhorfi að ríkisreknu miðlarnir ættu fyrst og fremst að þjóna almannaheill. Mikil aukning hefur orðið á faglega unnum fréttum og nú þykir ljóst að stjórnmalaflokkar og stjórnmalaleiðtogar hafi lítið að segja um innihald fréttanna í fjölmiðlum (Þorbjörn Broddason, 2005; Ólafur Þ. Harðarson, 2008). Ekkert dagblaðanna sem kemur út hér á landi í dag getur talist hreint og beint málagn neins stjórnmalaflokks. Blöðin taka í sífellt auknum mæli hlutlausu afstöðu manna og málefna en þannig höfða þau til fleiri lesenda og auglýsenda. Þrátt fyrir þetta telur Þorbjörn Broddason að Morgunblaðið styðji að mestu leyti Sjálfstæðisflokkinn þótt blaðið geti ekki lengur talist málagn flokksins (Þorbjörn Broddason, 2005: 56).

6.1 Morgunblaðið

Árvakur hf. er útgáfufélag Morgunblaðsins. Útgefandi Morgunblaðsins er Óskar Magnússon. Ritstjórar eru Haraldur Johannessen og Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins. Aðstoðarritstjóri er Karl Blöndal.

Tvö félög eiga Árvakur í dag, Þórsmörk og Áramót. Guðbjörg Matthíasdóttir á 27% hlut í útgáfufélagi Morgunblaðsins, Óskar Magnússon á 20% hlut og útgerðarfyrirtækið Samherji á 20% hlut („Samherji á fimmtung í Morgunblaðinu“, 7. september 2011).

Morgunblaðið kom fyrst út í nóvember 1913. Blaðið kemur út sex daga vikunnar og er selt í áskrift og lausasölu (Morgunblaðið, e.d.). Starfsmenn Morgunblaðsins eru 310 auk fréttaritara, umboðsmanna, blaðbera og bílstjóra. Á netinu er rekinn fréttar- og upplýsingamiðillinn mbl.is sem er eitt fjölsóttasta vefsvæði landsins (Modernus, 11. september 2011). Árið 1919 var Morgunblaðið orðið helsta auglýsingablað Reykjavíkur. Kaupmenn höfðu hug á því að eignast blaðið en þeir leyndu því ekki að þeir vildu fá málagn til að berjast gegn vaxandi áhrifum „samvinnumanna og sósíalista“ í íslensku þjóðfélagi. Árið 1929 var Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður með sameiningu Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Röð atburða gerði það að verkum að Morgunblaðið varð landsmálblað Sjálfstæðisflokksins. Eftir þetta varð Morgunblaðið raunverulegt flokksmálagn

Sjálfstæðisflokksins þó að það væri áfram í eigu einstaklinga. Haustið 1931 hófst í blaðinu fastur þáttur á sunnudögum sem kallaðist Reykjavíkurbref Morgunblaðsins. Reykjavíkurbrefið var lengst af útlekking á sjónarmiðum Sjálfstæðisflokksins (Guðjón Friðriksson, 2000: 147).

6.2 Fréttablaðið

Fréttablaðið er dagblað í frídreifingu. Blaðið hóf göngu sína árið 2001. Það er útbreiddasta og mest lesna dagblað landsins samkvæmt mælingum Hagstofunnar (Hagstofan, e.d.). Fréttablaðið er prentað í yfir 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Fjöldmörg fylgirit og sérblöð koma út með Fréttablaðinu. Fréttablaðið er í eigu fjölmiðlasamsteypunnar 365 miðla. Ingibjörg Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á stærstan hluta af 365 miðlum, eða um 90% hlutfjár með atkvæðisrétti. Næst stærstan hlut einstakra eiganda á Ari Edwald, framkvæmdastjóri samsteypunnar (Fréttablaðið, e.d.; 365 miðlar, e.d.). Markaðshugmynd eigenda Fréttablaðsins og útbreiðsla þess er frábrugðin því sem hingað til hefur viðgengist á íslenskum dagblaðamarkaði. Fyrirmyndin er sótt til erlendra fríblaða en dreifingaraðferðin er séríslensk, því Fréttablaðið er borið út á hverjum morgni til flestra heimila og suðvesturhorni landsins og á Akureyri, auk þess að vera aðgengilegt á fjölförnum stöðum víða um land (Þorbjörn Broddason, 2005: 55).

6.3 Aðferðafræði

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er athugun á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins um aðild og aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins.

Tímabilið sem liggur til grundvallar athuguninni er frá maí 2010 til október 2010. Ástæða þess að þetta tímabil er sérstaklega tekið til athugunar er sú að í júní þetta ár tók leiðtogaráð Evrópusambandsins ákvörðun um að hefja aðildarviðræður við Ísland og í júlí hófust formlegar aðildarviðræður. Því er þetta afar merkilegt tímabil í sögu Evrópusamstarfs Íslendinga.

Leitast var við að skoða fréttir, fasta dálka, forystugreinar og viðtöl en aðsendum greinum var sleppt. Þeir málefnaflokkar sem liggja til grundvallar eru aðild Íslands að Evrópusambandinu og aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins.

Greinunum var skipt í flokka eftir því hvort afstaða greinarinnar til aðildar eða aðildarviðræðna við Evrópusambandið væri jákvæð, neikvæð eða hlutlaus. Viðmælendur blaðanna voru einnig greindir eftir því hvort afstaða þeirra til aðildarinnar eða aðildarviðræðanna væri jákvæð, neikvæð eða hlutlaus.

Eftirfarandi niðurstöður eru fengnar hjá greiningardeild Creditinfo.

6.4. Niðurstöður

Við athugun á tíðnitöflum kemur í ljós að fjöldi greina í Fréttablaðinu um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið voru samtals 135 en 59 um aðild Íslands að Evrópusambandinu, sem í heild gerir 194 greinar. Í Morgunblaðinu, hins vegar birtust 184 greinar um aðildarviðræðurnar en 102 um sjálfa aðildina, eða samtals 286 greinar. Sláandi munur er því á milli blaðanna hvað varðar fjölda greina sem birtust um málið á tímabilinu sem hér er lagt til grundvallar. Morgunblaðið fjallaði mun oftar um aðild og aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins en Fréttablaðið (sbr. Töflu 1 og Töflu 2).

Tafla 1. Fjöldi birtra greina eftir málefnaflokkum og blaði


Málefni	Fréttablaðið	Morgunblaðið	Samtals
Aðild að ESB	59	102	161
Aðildarviðræður við ESB	135	184	319
Samtals	194	286	480

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting greina eftir málefnaflokkum og blaði, %


Málefni	Fréttablaðið	Morgunblaðið	Samtals
Aðild að ESB	36,6%	63,4%	100,0%
Aðildarviðræður við ESB	42,3%	57,7%	100,0%
Samtals	40,4%	59,6%	100,0%

Leitast var við að skoða afstöðu sem birtist í greinunum. Þær voru flokkaðar eftir því hvort afstaðan teldist jákvæð, neikvæð eða hlutlaus. Heilt á litið voru 57% greina Morgunblaðsins neikvæðar, 7% jákvæðar og 36% hlutlausar. Í Fréttablaðinu, hins vegar, voru 30% greinanna jákvæðar, 18% neikvæðar og 52% hlutlausar (sjá Mynd 1 og Mynd 2). Hafa ber í huga að Morgunblaðið birti mun fleiri greinar um málefnið heldur en Fréttablaðið.

Mynd 1. Skipting greina Morgunblaðsins um aðild og aðildarviðræður eftir afstöðu (hlutfallsleg skipting, %)




Mynd 2. Skipting greina Fréttablaðsins um aðild og aðildarviðræður eftir afstöðu (hlutfallsleg skipting %)




Hér að neðan er greinunum skipt eftir afstöðu eingöngu til aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Tölurnar inn í skífuritunum gefa til kynna fjölda fréttu (sjá Mynd 3 og Mynd 4).

Mynd 3. Fjöldi greina í Morgunblaðsinu um aðild eftir afstöðu




Mynd 4. Fjöldi birtra greina í Fréttablaðinu um aðild eftir afstöðu




Hér að neðan hefur greinunum verið skipt eftir afstöðu eingöngu gagnvart aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Tölurnar inn í skífuritunum gefa til kynna fjölda fréttar (sjá Mynd 5 og Mynd 6).

Mynd 5. Fjöldi birtra greina í Morgunblaðinu um aðildarviðræður eftir afstöðu



Mynd 6. Fjöldi birtra greina í Fréttablaðinu um aðildarviðræður eftir afstöðu



Samkvæmt þeim tölulegu upplýsingum sem getið er að ofan hefur Morgunblaðið nokkuð afgerandi neikvæða afstöðu, jafnt gagnvart hugsanlegri aðild og aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins. Þrátt fyrir það er stór hluti fréttanna hlutlaus, en það sem vekur athygi er að Morgunblaðið og Fréttablaðið eru nánast með sama hlutfall hlutlausra fréttanna. Afstaða Fréttablaðsins er aftur á móti oftar jákvæð á meðan afstaða Morgunblaðsins er oftar neikvæð.

Algengast var að greinarnar birtust sem fréttir hjá báðum blöðum. Flestar fréttanna í báðum blöðum voru hlutlausar. Morgunblaðið birti ívið fleiri forystugreinar heldur en Fréttablaðið um málið, en forystugreinar Morgunblaðsins voru oftast neikvæðar á meðan forystugreinar Fréttablaðsins voru oftast jákvæðar (sbr. Töflu 3 og Töflu 4).

Tafla 3. Birtingarmynd greina Morgunblaðsins eftir fjölda

Birtingarmynd Morgunblaðið	Jákvætt	Hvorki né	Neikvætt	Samtals
Fastur dálkur		17	50	67
Forystugrein		7	59	66
Frétt	20	78	53	151
Viðtal			2	2
Samtals	20	102	164	286

Tafla 4. Birtingarmynd greina Fréttablaðsins eftir fjölda

Birtingarmynd Fréttablaðið	Jákvætt	Hvorki né	Neikvætt	Samtals
Fastur dálkur		22	2	24
Forystugrein	13	7	1	21
Frétt	44	69	31	144
Viðtal	2	3		5
Samtals	59	101	34	194


Við athugun á því hvort einhverjir sérstakir stjórnáamenn eða tengiliðir hagsmunasamtaka kæmu oftast fram í greinum blaðanna sem fjölluðu um aðildarumsóknina og aðildarviðræðurnar, kom í ljós að í u.þ.b. helmingi greinanna var ekki vísað í neinn nafngreindan einstakling eða samtök, ellegar að viðmælandinn eða heimildamaðurinn var „ótilgreindur“, þ.e. að viðkomandi tengdist ekki neinum sérstökum flokki eða samtökum.

Í Fréttablaðinu var fimm sinnum vitnað í aðila frá Evrópusamtökunum, Sjálfstæðum Evrópumönnum og Sterkara Íslandi sem allt eru aðilar að verkefninu Já Ísland. Fjórum sinnum var vitnað í Heimssýn og í heildina var fimm sinnum vitnað í aðila frá ASÍ, Bændasamtökunum, LÍÚ og Samtökum Iðnaðarins.


Í Morgunblaðinu var einungis vitnað í einn samstarfsaðila að verkefninu Já Ísland, en það voru Sjálfstæðir Evrópumenn. Í þá var vitnað tvisvar en í heildina var sjö sinnum vitnað í aðila frá ASÍ, Bændasamtökunum, LÍÚ og Samtökum Iðnaðarins.

Athyglisvert er að skoða hversu oft vísað er í viðmælendur stjórnmálaflokka í hvoru blaði. Viðmælendur Samfylkingarinnar, þess flokks sem hliðhollastur er aðild Íslands að Evrópusambandinu, birtust 22 sinnum í Fréttablaðinu og 16 sinnum í Morgunblaðinu. Viðmælendur Vinstri grænna birtust 29 sinnum í Morgunblaðinu en aðeins níu sinnum í Fréttablaðinu. Viðmælendur Sjálfstæðisflokksins birtust 18 sinnum í Morgunblaðinu en aðeins 11 sinnum í Fréttablaðinu. Viðmælendur Framsóknarflokksins birtust sex sinnum í Fréttablaðinu en aðeins þrisvar sinnum í Morgunblaðinu. Viðmælendur Borgarahreyfingarinnar birtust aðeins einu sinni í hvoru blaði.

Mynd 7. Viðmælendur Morgunblaðsins eftir fjölda



Mynd 8. Viðmælendur Fréttablaðsins eftir fjölda



6.5 Umræður

Framangreindar niðurstöður sýna að u.þ.b. helmingur greina Morgunblaðsins sem fjölluðu um aðild og aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið voru neikvæðar. Til samanburðar voru innan við 10% greinanna jákvæðar. Í Fréttablaðinu aftur á móti, var u.þ.b. helmingur greinanna hlutlausar og 30% greinanna jákvæðar. Af þessu má augljóslega draga þá ályktun að Morgunblaðið hafi tekið mun oftari neikvæða afstöðu til umsóknar og aðildar Íslands að Evrópusambandinu á meðan afstaða Fréttablaðsins hafi verið oftari hlutlaus.

Til að skýra þennan mun á afstöðu blaðanna má velta fyrir sér hinum fimm síum áróðursmódelisins. Tvær þeirra, eignarhald á fjölmiðlum og áhrif auglýsenda, koma fyrst og fremst til greina sem hugsanlega gætu útskýrt hvers vegna afstaða Morgunblaðsins og Fréttablaðsins eru jafn mismunandi og raun ber vitni.

Eins og komið hefur fram að framan liggja hagsmunir eigenda Morgunblaðsins í sjávarútvegi, en sjávarútvegsmálin hafa löngum verið talin einn erfiðasti málaflokkurinn sem samið er um í tengslum við aðildina að Evrópusambandinu. Þeir sem standa í forsvari fyrir sjávarútvegsmálin telja, líkt og ritsjóri blaðsins Davíð Oddsson, að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins samræmist ekki sjávarútvegsstefnu Íslands og því sé Evrópusambandsaðild ekki eftirsóknarverð. Morgunblaðið á langa sögu sem mál gagn Sjálfstæðisflokksins og því þarf engan að undra að Morgunblaðið vitni oftari í aðila tengdum honum og taki hliðholla afstöðu með honum. Frá því að Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður hefur hann fylgt nokkurskonar „sjálfstæðisstefnu“ en hún byggir á mikilvægi sjálfstæðis landsins. Yfirþjóðlegar stofnanir og yfirþjóðlegt vald Evrópusambandsins samræmist þessari hugmynd illa. Vinstri grænir og Sjálfstæðisflokkurinn eru skoðanabræður þegar kemur að Evrópusambandinu, en í Morgunblaðinu var oftast vitnað í Vinstri græna af stjórn málflokkunum.

Fréttablaðið er nýlegt blað og á sér því ekki sögu sem mál gagn stjórn málflokks eins og Morgunblaðið. Segja má að hagsmunir eigenda Fréttablaðsins liggi ekki á hinu pólitíska sviði heldur í viðskiptalífínu, enda er Jón Ásgeir fyrirferðamikill viðskiptamaður. Hugsanlegt er að aðilar innan viðskiptalífsins sjái hagnað í mögulegum auknum alþjóðaviðskiptum sem Evrópusambandsaðild gæti haft í för með sér. Vegna viðskiptalegra sjónarmiða má því telja að blaðið sé því hliðhollara Evrópusambandinu en Morgunblaðið.

Einnig má nefna að Fréttablaðið er svokallað fríblað og upp á náð auglýsingatekna komið. Af þeim sökum má færa fyrir því gild rök að Fréttablaðið reyni að taka í flestum tilvikum að taka hlutlausu afstöðu gagnvart hitamállum í samfélaginu, eins og aðild að

Evrópusambandinu í því skyni að eiga ekki á hættu að fæla lesendur og auglýsendur frá blaðinu. Að lokum ber að nefna að þær umræður sem hér hafa verið reifaðar eru fyrst og fremst vangaveltur um ástæður þess hví umfjöllun þessara tveggja blaða eru jafn ólík og raun virðist bera vitni samkvæmt innihaldsgreiningu á greinum blaðanna um umsókn stjórnvalda að Evrópusambandinu og um aðildarviðræðurnar. Mun viðameiri rannsókn og innihaldsgreiningu þarf til að komast að afgerandi niðurstöðu um ólíkan fréttáflutning og skrif blaðanna um þessi mál. Niðurstöðurnar sem hér hafa verið reifaðar gefa þó ágæta hugmynd um ólíka umfjöllun blaðanna um Evrópusambandsaðild og aðildarviðræðurnar en þær ályktanir sem hér eru settar fram geta þó vart talist annað en vísbending um ástæður fyrir ólíkum fréttáflutningi og afstöðu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins til málsins.

7. Lokaorð

Lýðræðislegt þjóðfélag byggir á því að borgararnir taki þátt í samfélaginu sem þeir lifa í. Að geta gengið til kosninga og með því haft áhrif á ákvarðanatökufæri samfélagsins er hornsteinn lýðræðis. Til þess að lýðræðislegt þjóðfélag geti þrífist og dafnað er grundvallarskilyrði að borgararnir hafi fullan aðgang að réttum, nákvæmum, skýrum og fyrst og fremst óhlutdrægum upplýsingum um allt það sem varðar líf þeirra. Fjölmiðlar þjóna því hlutverki að veita borgurinum þessar upplýsingar og því verður mikilvægi fjölmiðla seint ofmetið. Það er því ekki að ástæðulausu að fjölmiðlar hafa verið kallaðir „fjórða valdið“ til viðbótar við þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald.

Þegar þjóðfélagið stendur á tímamótum sem þessum, að tekin hefur verið ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu, gæti sá tími brátt komið að almenningur þurfi að ganga til kosninga um það hvort ganga skuli í sambandið eður ei. Því er ekki aðeins mikilvægt, heldur nauðsynlegt að almenningur sé vel upplýstur um framvindu mála, þekki til sem flestra hliða málsins, kosti þess og galla og geti gengið að hlutlausum upplýsingum til að vera unnt að taka ákvörðun upp á eigin spýtur: ákvörðun, sem er einstaklingsbundin, en upplýst.

Fjölmiðlar hér á landi eru fáir og ekki eins fjölbreyttir og í stærri samfélögum. Því er enn mikilvægara að íbúar landsins geti treyst á þá fjölmiðla sem til eru, að þeir séu ekki eingöngu hliðhollir málstað einhverja tiltekinna flokka eða ákveðnum hópi hagsmunaaðila og fjalli um málin í samræmi við það.

Verði af inngöngu landsins í Evrópusambandið er deginum ljósara að það mun hafa mikil áhrif á þjóðfélagið, þótt ekki sé hægt að sjá fyrir nákvæmlega hversu mikil eða hversu jákvæð eða neikvæð þau verða. Fjölmiðlum ber skylda til að vera vettvangur ólíkra sjónarmiða, svo að öllum hliðum málsins sé gert jafn hátt undir höfði. Verði sú reyndin að almenningur gangi einn daginn til kosninga um það hvort Íslandi skuli ganga í Evrópusambandið, skiptir miklu máli að fjölmiðlar landsins hafi fram að því sinnt þeirra grundvallarskyldu sinni að upplýsa almenning um allar hliðar málsins, óháð hagsmunum þeirra, því það eru almannahagsmunir sem fjölmiðlar eiga fyrst og fremst að sinna.

Heimildaskrá

- „Aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins formlega hafnar“. (2010, 27. júlí). *Evrópuvefur Utanríkisráðuneytisins*. Sótt 19. ágúst 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/frettir/nr/5768>
- Aðildarsaga. (e.d.). Evrópuvefurinn. Sótt 16. ágúst 2011 af <http://evropuvefur.is/svar.php?id=60001>
- Afstaða LÍÚ til ESB. (e.d.). Landssamband íslenskra útvegsmanna. Sótt 2. september af <http://www.liu.is/upplýsingaveita/evropusambandid/afstada-liu-til-esb/>
- Alþjóðlegt samstarf. (e.d.). Samtök Iðnaðarins. Sótt 3. september 2011 af <http://www.si.is/malaflokkar/althjodlegt-samstarf/>
- Alþjóðastofnanir í Genf – EFTA. (e.d.). Vefsetur fastanefndar Íslands í Genf. Sótt 20. ágúst 2011 af <http://www.iceland.is/iceland-abroad/efta/islenska/althjodastofnanir-i-genf/efta/>
- Alþýðusamband Íslands. (e.d.). *Aðildarviðræður að ESB*. Sótt 1. september 2011 af http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/_rsfundur/ASI_syn_texti_HQ.pdf
- Baldur Þórhallsson. (2004). Approaching the question: domestic background and conceptual framework. Í Baldur Þórhallsson (ritstjóri), *Iceland and European Integration: On the edge*. London: Routledge.
- Blaðamannafélag Íslands. (1991). Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Sótt 2. september 2011 af <http://press.is/static/files/gamalt/sidareglur.pdf>
- „Borgarahreyfingin styður ekki stjórnartillögu um ESB-umsókn“. (2009, 28.maí). *Smugan*. Sótt 21. ágúst 2011 af <http://smugan.is/2009/05/Borgarahreyfing-stydur-ekki-stjornartillogu-um-ESB-umsokn/>
- Britannica. (e.d.) Europe. Sótt 15. ágúst 2011 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/195686/Europe>
- Bændasamtök Íslands. (2009). Íslenskur landbúnaður og Evrópusambandið – meginrök Bændasamtakanna gegn aðild að ESB. Sótt 5. september 2011 af <http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1312>
- Central Bank. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/institutions-bodies/ecb/index_en.htm
- Countries. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/countries/index_en.htm
- Court of Auditors. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/institutions-bodies/court-auditors/index_en.htm

Court of Justice. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/institutions-bodies/court-justice/index_en.htm

Creditinfo. (2011).

Cromwell, D. (2002). *The Propaganda model: An overview*. Sótt 23. ágúst 2011 af <http://www.chomsky.info/onchomsky/2002----.htm>

Davies, N. (2009). *Flat earth news*. London: Vintage Books.

Dictionary of 20th Century History. (2004). Glasgow: HarperCollins.

Dinan, D. (2010). *Ever Closer Union: An Introduction to European Integration* (4.útgáfa). Basingstoke: Palgrave MacMillan.

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2003). *Evrópusamruninn og Ísland: leiðarvísir um samrunaðróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson. (2008). *Hvað með evruna?* Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2009a). *Frá Evróvisjón til evru: allt um Evrópusambandið*. Reykjavík: Veröld.

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2009b). „*Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“: Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda. Birt doktorsritgerð: Háskóli Íslands

European Commission. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/institutions-bodies/european-commission/index_en.htm

European Council. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/institutions-bodies/european-council/index_en.htm

European Parliament. (e.d.). Europa: Gateway to the European Union. Sótt 16. ágúst 2011 af http://europa.eu/about-eu/institutions-bodies/european-parliament/index_en.htm

Europe Population (e.d.). EuropeWord. Sótt 18. ágúst 2011 af <http://www.europeword.com/blog/europe/europe-population/>

Evrópumál. (e.d.). Utanríkisráðuneytið. Sótt 20. ágúst 2011 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/evropumal/>

Framsóknarflokkurinn. (e.d.). Stefnan – Ályktanir flokksþings 2011. Sótt 21. ágúst 2011 af http://www.framsokn.is/files/Alyktanir_2011.pdf

Frjálslyndi flokkurinn. (e.d.). Stefnunál – Málefnahandbók. Sótt 21. ágúst 2011 af http://www.xf.is/images/Files/Skra_0017259.pdf

„Fjórir kaflar opnaðir og tveimur lokað við upphaf efnislegra samningsviðræðna Íslands og Evrópusambandsins. (2011, 27.júní). *Evrópuvefur Utanríkisráðuneytisins*. Sótt 19. ágúst 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/frettir/nr/6356>

Gallagher, M., Laver, M. og Peter Mair. *Representative Government in Modern Europe*. (4.útgáfa). New York: McGraw-Hill.

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). Af kaupmönnum og hjartans börnum [rafræn útgáfa]. Rannsóknir í félagsvísindum VII. Sótt 23. ágúst 2011 af <http://www.fel.hi.is/sites/files/fel/slideshow/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k%202006.pdf>

Guðjón Friðriksson. (2000). *Nýjustu fréttir: saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn

Gunnar Helgi Kristinsson. (1990). *Evrópastefnan: aðlögun Íslands að þróun Evrópubandalagsins*. Reykjavík: Öryggismálanefnd.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Lykiltölur mannfjöldans 1703-2011. Sótt 20. ágúst 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2011+++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (e.d.). Útbreiðsla vikublaða 1990-2009. Sótt 12. september 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2605&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MEN02105%26ti=%DAtbrei%F0sla+vikubla%F0a+1990%2D2009+++%26path=../Database/menning/blod/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi%20/%20hlutfall,%20%20/%20%20E1%201.000%20%EDb%FAa>

Heimssýn: hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum. (e.d.). Um Heimssýn. Sótt 22. ágúst 2011 af http://www.heimssyn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=46&Itemid=27

Helstu sáttmálar ESB. (e.d.). Evrópuvefurinn. Sótt 14. ágúst 2011 af <http://evropuvefur.is/svar.php?id=59997>

Helstu stofnanir ESB. (e.d.). Evrópuvefurinn. Sótt 14. ágúst 2011 af <http://evropuvefur.is/svar.php?id=59996>

Herman, E. og Chomsky, N. (1988). *Manufacturing consent: the political economy of the mass media*. New York: Pantheon Books.

Ísland í Evrópu. (e.d.). Evrópuvefur Utanríkisráðuneytisins. Sótt 20. ágúst 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/island-i-evropu/>

Já Ísland! (e.d.). Um okkur. Sótt 22. ágúst 2011 af <http://www.jaisland.is/um-okkur/>

Klaehn, J. (2002). A Critical Review and Assessment of Herman and Chomsky's Propaganda model. *European Journal of Communication*. Sótt 23. ágúst 2011 af <http://ejc.sagepub.com/content/17/2/147.full.pdf+html>

Landmælingar Íslands. (e.d.). Ísland í tölum. Sótt 20. ágúst 2011 af <http://www.lmi.is/frodleikur/island-i-tolum/>

„Leiðtoga ráð Evrópusambandsins samþykkir að hefja aðildarviðræður við Ísland“. (2010), 17.júní). *Evrópuvefur Utanríkisráðuneytisins*. Sótt 19. ágúst 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/frettir/nr/5703>

McQuail, D. (2005). *McQuail's mass communications theory*. (5. útgáfa). London: Sage Publications

Menntamálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Modernus, samræmd vefmæling (2011, september) Sótt 12. september 2011 af https://login.modernus.is/?_a=212&_m=35&_serviceType=1&_serviceId=0

Mullen, Andrew. (2010). Bringing Power Back In: The Herman-Chomsky Propaganda Model, 1988-2008. Í Klaehn, J. (ritstjóri), *The Political Economy of Media and Power*. New York: Peter Lang Publishing.

Páll Sigurðsson. (1997). *Fjölmiðlaréttur: meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ragnar Karlsson. (2009). *Þróun fjölmiðlamarkaðarins*. Frumvarp til laga um fjölmiðla. Sótt 29. ágúst 2011 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Frumvarp_til_laga_um_fjolmidla_2009.pdf

Robert McChesney. (2000). Journalism, democracy, ... and class struggle. *Monthly Review*. Sótt 3. september 2011 af <http://monthlyreview.org/2000/11/01/journalism-democracy-and-class-struggle>

„Rýnivinna Íslands og Evrópusambandsins hafin“. (2010, 15.nóvember). *Evrópuvefur Utanríkisráðuneytisins*. Sótt 19. ágúst 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/frettir/nr/6051>

„Rýnivinnu lokið“. (2011, 20. júní). *Evrópuvefur utanríkisráðuneytisins*. Sótt 19. ágúst 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/frettir/nr/6344>

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. (1944). Sótt 20. ágúst 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/139a/1944033.html>

Samfylkingin. (e.d.). Flokkurinn. Sótt 21. ágúst 2011 af <http://www.samfylkingin.is/Flokkurinn>

Samfylkingin. (e.d.). Um Evrópusambandið. Sótt 21. ágúst 2011 af http://www.samfylkingin.is/Stefnum%C3%A11/Um_Evr%C3%B3pusambandi%C3%B0_Sjálfstæðisflokkurinn. (e.d.). Landsfundur – skjöl frá aukalandsfundi 2010. Sótt 23. ágúst 2011 af http://www.xd.is/media/landsfundur/stjornmalaalyktun_endanleg.pdf

„Samherji á fimmtung í Morgunblaðinu“. (2011, 7.september). *Viðskiptablaðið*. Sótt 13. september 2011 af <http://www.vb.is/frett/65864/>

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis. (2010). Sótt 26. ágúst 2011 af <http://rna.althingi.is/html/vidauki1.html>

Society of Professional Journalists. (e.d.). Our mission. Sótt 1. september 2011 af <http://www.spj.org/mission.asp>

Ólafur Þ. Harðason. (2008). Media and Politics in Iceland. Í Strömbäck, J., Ørsten, M. og Aalberg T. (ritstjórar), *Communicating Politics: Political Communication in the Nordic Countries*. Gautaborg: NORDICOM.

Utanríkisráðuneytið. (2003). *Handbók stjórnarráðsins um EES*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.

Utanríkisráðuneytið. (e.d.). Spurt og svarað um Schengen. Sótt 20. ágúst 2011 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/evropumal/verkefni/nr/4584>

Vinstrihreyfingin – grænt framboð. (e.d.). Um VG. Sótt 21. ágúst 2011 af <http://www.vg.is/um-flokkinn/>

Vinstrihreyfingin – grænt framboð. (e.d.). Stefna VG. Sótt 21. ágúst 2011 af <http://www.vg.is/stefna/>

Þorbjörn Broddason. (2004, 16.nóvember). „Fjórða grein valdsins. Fjölmiðlar, áhrif og ábyrgð“ (erindi í fyrirlestraröð Sagnfræðifélagsins um valdið)

Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.